



18-Apr-2012

SAGA 3.1.34

What's New overview

Copyright ©2012 EMR Heilbrigðislausnir. All rights reserved.



ADT (gaADT)

- ADT

Í skjámyndinni „Leiðréttu þjónustuflokk“ er nú hægt að sameina lotur, svo framarlega sem um sé að ræða samliggjandi legulotur innan sömu vistar. Þetta er einungis hægt innan úr ADT einunginni, en ekki Legum né Eyðublöðum.

ac#24517,ac#32579,tt#39120

- ADT

Ef valið er ferli og koma með engar greiningar. Ef hægrismellt er með músinni á komuna og aðgerðin "Skrá greiningar á komur með engar greiningar" er valin kemur upp gluggi fyrir þá aðgerð. Inni í þeim glugga er hægt að smella á hnapp með grænu plúsmerki til að bæta við kóða. Sé smellt á þann hnapp opnast kóðaleitargluggi frumstilltur á Sjúklingakort/greiningar en ekki á almenna kóðaleit eins og áður var.

tt#44707,tt#44708

- ADT

Bæst hefur við aðgerð til að prenta út yfirlit yfir legur og ferli, svipað og í Legum.

tt#44812,tt#44813

- ADT

Á forsiðu ADT hefur nú bæst við kafli til að velja & sýna upplýsingar eftir þjónustuflokk, líkt og hægt er að gera fyrir staðsetningardeild.

ac#32057,tt#44987

- Legur/Lotur

Nú er hægt að leiðréttu þjónustuflokk og ábyrgan lækni þó svo að búið sé að útskrifa sjúkling.

ac#32062,tt#44988,tt#45651

- ADT / Legur:

Þegar birtar eru upplýsingar um útskrifaða sjúklinga í ADT og Legum gat það gerst að legurnar fjölfölduðust á leguflípanum. Þetta gerðist í þeim tilvikum þegar sjúklingur var sendur áfram á stofnun sem hafði fleiri en eina deild eða staðsetningu en var auðkennd með sömu kennitölu í stofnanaskrá. Nú gerist þetta ekki lengur þar sem færslan er vistuð í samræmi við val, þ.e. með deild eða staðsetningu ef við á.

tt#45131,tt#45132

- ADT / Legur

Ef sjúklingur með skráðan ábyrgan hjúkrunarfræðing er fluttur á milli deilda þá skráist nú sjálfkrafa lokadagsetning á færslu fyrir ábyrga hjúrunarfræðinginn. Færslan opnast aftur ef hætt er við að flytja sjúklinginn á milli deilda.

ac#32353,tt#45272,tt#45273

- ADT

Bæst hefur við aðgerðin „Leiðréttu flutning milli þjónustuflokka“ sem gerir notendum kleyft að lagfæra tímann sem flutningurinn átti sér stað, ef rangur tími var skráður eða ef nauðsynlegt er að aðlaga flutningstímann að flutningi milli staðsetningardeilda. Einungis er hægt að breyta flutningstíma á milli tveggja samliggjandi lega innan sömu vistar. Aðgerðin er einvörðungu aðgengileg í ADT, ekki Legum né Eyðublöðum.

ac#32545,tt#45415

- ADT - Legur

Sjálfvirk uppfærsla á gögnum hafði áhrif á val kerfissjúklings þegar einingarnar voru ekki virkar. Þetta gat valdið ósamræmi í upplýsingum í viðmóti varðandi hvaða einstaklingur var valinn sjúklingur á hverjum tíma.



Þetta hefur nú verið leiðrétt.

ac#32639,tt#45465,tt#45466

- ADT / Legur

Aðgerðin "Loka innritun" hefur verið endurskýrð "Ganga frá innritun" og athugar nú hvort að einhverjar ICD-10 greiningar séu til staðar. Ef engar slíkar finnast þá heimilar aðgerðin ekki að innritun sé lokað/frágengin.

ac#32569,tt#45486

- ADT

Þegar innritað er á ferlideild þá er hægt að velja heiti lotu úr sniðmátum þar sem ýmist staðsetningardeild eða innlagnardeild er eins og deildin sem verið er að vinna með, ekki einvörðungu staðsetningardeildin.

ac#32693,tt#45508

- Legur

Búin var til dálkurinn `ADMISSION_ALLOWABLE` í töflunni `GA_GROUP` sem segir til um hvort leggja megi inn á viðkomandi deild. Dálkurinn stjórnar bara deildum sem eru þjónustuflokkar.

ac#32950,tt#45688,tt#45689

- ADT / Legur

Ef sjúklingur er fluttur á milli þjónustuflokka um leið og hann er fluttur á milli deilda, þá er ekki lengur hægt að hætta við þjónustuflokkaflutninginn einan og sér, vegna þess að hann er órjúfanlega samþættaður deildaflutningnum. Þess í stað er hægt að nota aðgerðina „Leiðréttu þjónustuflokk“.

tt#45876,tt#45877

- Legur / ADT

Í töflum sem sýna greiningar hefur nú bæst við dálkur sem sýnir (með haki) ef greining er aðalgreining innan kóðunarkerfis.

tt#46022,tt#46023

- ADT

Nú er hægt að flytja margar komur í einu á milli lota. Smella þarf á einhverja komu í lotunni sem flytja á úr og velja aðgerðina "Flytja komu(r) á milli lota ...". Í glugganum sem þá kemur upp er hægt að velja í efri töflunni lotuna sem flytja á í, og í neðri töflunni þær komur sem flytja á. Hægt er að velja margar komur með því að Shift+smella á komurnar.

ac#33823,tt#46346

- ADT/Legur

ADT og Legur virða nú stilligildi 79, þannig að ef slökkt er á því þá er hægt að skrá NCSP kóða í ADT og Legum eins og annarsstaðar.

tt#46822

- ADT / Legur

Þegar sjúklingar eru innritaðir og útskrifaðir er nú einungis hægt að velja úr stofnunum sem eru með kennitölu skráða.

ac#34500,tt#46868

- ADT - Lotur

Sögu menu uppfært þannig að hægt er að sjá:
Persónuupplýsingar, Aðstandendur og fjölskyldu og tengslakorti.

tt#47183

- Lotur



Hraðað hefur verið á virkni til að sækja ábyrgan hjúkrunarfræðing ferlis/legu, þannig að fljótlega á nú að vera að opna ferli og legur í Lotum.

tt#47648,tt#47649

● ADT

Þegar verið er að leiðrétta flutningstíma milli þjónustuflokka þá er nú einungis hægt að velja tíma fram að næstu (eða aftur að síðustu) innlögnum í dvöl.

ac#35660,tt#47742,tt#47754

● ADT

Ef legur eru sameinaðar þá eru nú allar dvalir (og tilheyrandi staðsetningar- og starfsmannafærslur) fluttar af óvirku legunni yfir á nýju (virku) leguna, í stað þess að vera gerðar óvirkar eins og áður var.

tt#47769,tt#47770

● ADT / Legur

Ef lota/lega er gerð ógild ($IS_INVALID = 1$) þá er henni nú jafnframt lokað á sama tíma ($IS_OPEN = 0$).

tt#48178,tt#48179

● ADT

Dálkarnir „Deild“, „Stofa“, „Rúm“ og „Ábyrgur hjúkrunarfræðingur“ sjást nú ekki í töflum sem koma upp þegar smelt er „Legur“ og „Ófrágengið“ undir „Þjónustuflokkur“ í forsiðumynd ADT. Þetta hraðar töluvert á þessum töflum.

Dálkarnir sjást eftir sem áður þegar legur eru skoðaðar fyrir staðsetningardeildir og lækna.

ac#36542,tt#48569,tt#48671

● Legur

Ef innritun er eytt, t.d. ef rangur sjúklingur var innritaður, þá er staðsetningarfærslu (herbergi + rúm) nú eytt á sama tíma, þannig að ekki kemur lengur villa ef réttur sjúklingur er seinna innritaður á sama tíma og í sama rúm.

ac#36896,tt#48845,tt#48846

● Lotur

Stillingar á töflum (röðun og síur) vistast nú þegar farið er í aðrar einingar án þess að loka Lotueiningunni, þannig að sömu síurnar eru ennþá virkar þegar einingin er enduropnuð.

ac#36581,tt#48604,tt#48888

● ADT / Legur

Nú er heiti lotu einungis hreinsað ef þjónustuflokkur er breyttur hjá legusjúklingum. Hjá ferlisjúklingum hefur breyting á þjónustuflokk ekki áhrif á heiti lotunnar.

ac#37343,tt#49192,tt#49193

● ADT

Nú er hægt að breyta heiti framtíðarlotu og sömuleiðis er hægt að breyta heiti lotunnar óháð tegund staðsetningardeildar.

ac#36607,tt#48618,tt#50041

● Legur/ADT

Aðgerðin "Breyta heiti lotu" notar nú tegund sjúklings (en ekki merkingu á deild) til að ákvarða hvernig leitað er í töflu GA_ADT_ADMISSION_TEMPLATE að sniðmátum.

tt#50262,tt#50263



- Afgreiðsla

Þegar verið er gera tímabókun á aðfangt tengt lækni, og form tímabókunarinnar er tengt ADT en margir notendur í kerfinu eru skráðir með sama læknanúmer og aðfangið er tengt við, þá er nú birtur listi yfir þessa starfsmenn og notandi krafinn um að velja einn þessara starfsmanna sem ábyrgan starfsmann.

Sé aðfangið ekki tengt lækni, en innskráður notandi hefur læknanúmer þá er innskráður notandi settur sem ábyrgur. Sama gildir hér ef fleiri en einn starfsmaður hefur það læknanúmer skráð, notandi er krafinn um að velja einn þeirra starfsmanna.

ac#37953,tt#49571,tt#49573

Aðgangsstýringar

- Aðgangsstýringar

Nýjum aðgangshópi sem nefnist Rannsóknarhópur hefur verið bætt við. Notendur í Rannsóknarhópi geta aðeins séð og skráð óvarin blöð og geta aðeins skráð í eldri samskipti og lotur á eigin deild og deildum sem tilheyra sama undirsviði. Meðferðartengsl reiknast líkt hjá klínískum aðgangshópum. Rannsóknarhópur virkar aðeins með sjúkrahúss aðgangsstýringum (HospitalAccessInfo). Stilligildi 91 verður að vera virkt til að sjá lotur, einnig verður að vera búið að mynda meðferðartengsl í afgreiðslunni (bóka tíma í afgreiðslunni) við sjúkling.

ac#29792,tt#43073,tt#44744

- Aðgangsstýringar - skrifréttindi

Nú fá notendur skrifréttindi í gögn sem tilheyra deildum sem þeir hafa aðgang að þó þeir séu ekki skráðir inn á viðkomandi deild.

tt#44693,tt#44694

- Aðgangsstýringar

Skrifréttindi taka nú mið af undirsviði, þ.e. notendur geta nú yfirtekið og skrifað í blöð sem tilheyra deild sem er á sama undirsviði og deildin sem notandinn er skráður inn á í það skiptið.

ac#32384,tt#45316

- Aðgangsstýringar

Breytingar á glugga sem kemur upp þegar notandi þarf að gefa upp ástæðu fyrir því að hann vilji fá aðgang að sjúkragögnum einstaklings. Upplýsingum í glugganum hefur verið endurraðað ásamt því að nafn og kennitala einstaklings sem á í hlut eru nú sýnileg í glugganum.

ac#32412,tt#45346,tt#45347

- Aðgangsstýringar

Þegar skýring er gefin af notanda þegar hann opnar sjúkraskrá einstaklings án meðferðartengsla endist sú skýring út þann almanaksdag, þ.a. ekki þurfi að gefa skýringu þó hann sé opnaður aftur.

tt#47092

- Aðgangsstýringar

Nú hefur skráður heimilislæknir einstaklings alltaf meðferðartengsl við viðkomandi og er því ekki beðin(n) um ástæðu uppfléttingar í sjúkraskrá.

tt#47394

Aðstandendaskráning

- Aðstandendaskráning

Tengslunum stjúpfórelldri, fórsturforeldri, stjúpbarn, fósturbarn, tengdasonur og tengdadóttir hefur verið bætt við.

ac#32624,tt#45452

- Aðstandendur



Bætt hefur verið við svæði, fyrir kennitölur aðstandanda, þannig að hægt er að breyta eða bæta við kennitölu á þegar skráðum aðstandendum.

Einnig er öll runusláiin sýnd fyrir Landaskrá, pósts svæði og sveitarfélag. Tvö síðarnefndu eru aðgengileg frá persónuupplýsingum.

tt#46808

- Aðstandendur

Bætt hefur verið við tengslalista aðstandenda. Nú er því hægt að velja tengslin maki, barnabarn, sambýliskona og sambýlismaður, tengdabarn og barnsmóðir. Ef röðun er óheppileg í vallistanum í aðstandendaskráningunni þá er hægt að stýra henni, en skilyrði er þó að hún sé eins á stofnuninni í heild sinni.

tt#47000

- Aðstandendur - látir einstaklingar

Viðbættur texti „(mors)“ er nú birtur hjá nafni látins einstaklings í aðstandendaskráningu

ac#35038,tt#47333

- Persónuupplýsingar - Nánasti aðstandandi

Núna birtast upplýsingar nánasta aðstandanda óháð því hvort tengsl eru við sjúkling.

ac#35273,tt#47441

- Aðstandendur - Nánasti aðstandandi

Nú er hægt að fjarlægja nánasta aðstandanda með valmyndinni sem birtist þegar hægrismellt er á aðstandendur.

ac#35273,tt#47442,tt#47474

- Aðstandendaskráning

Óvirk tengsl eru nú falin í skráningu á aðstandanda utan þjóðskrár. Einnig hefur verið komið í veg fyrir að röng tengsl skráist hjá aðstandanda utan þjóðskrá.

ac#37002,tt#48912,tt#48913

Afgreiðsla (gaSab)

- Afgreiðslukerfi - Símtöl

Nú er gerður greinamunur á því hvort að tímabókun er símtal eða venjuleg tímabókun. Meðhöndlun símtala er frábrugðin meðhöndlun venjulegrar tímabókunar að því leyti að hún er komulaus þ.e. ekki er hægt að skrá komu á símtalsbókun og símtalsbókanir eru ekki tengdar við lotur. Í stillingum fyrir form tímabókana er skilgreindur samskiptamáti fyrir form tímabókunar þar sem tilgreint er hvort um er að ræða símtal eða komu. Símtalsbókanir birtast ekki í skýrslum.

Hægt er að merkja símtal sem „Símtali lokið“ og þá birtist það skáletrað. Einnig er hægt að búa til reikning fyrir símtal og þá er það sett í stöðuna „Í vinnslu“ og verður feitletrað. Hægt er að hætta við símtal ef því hefur verið lokið og verður símtalið þá annaðhvort feitletrað eða með venjulegu letri eftir því hvort til eru reikningar fyrir símtalið eða ekki. Þegar gengið er frá símtali fyrir greiðslu er símtalið merkt lokið ef stilligildi 2058 (Merkja símtal lokið eftir frágang greiðslu) er virkt annars í vinnslu.

Stillingar - Form tímabókana

Nú er hægt að stilla samskiptamáta fyrir form tímabókunar. Hægt er að velja um komu eða símtal. Koma er sjálfgefin.

Fyrir kerfisstjóra



Uppfæra þarf þau form tímabókunar sem eru skilgreind sem símtöl. Það þarf að setja INTERACTION_TYPE = 2.

Eftir farandi skipun ætti að duga sem útgangspunktur.

```
UPDATE T_CONTACT
  SET INTERACTION_TYPE = 2
  WHERE INSTR(NLS_LOWER(NAME), 'símtal') > 0
        OR INSTR(NLS_LOWER(NAME), 'hringt') > 0
        OR INSTR(NLS_LOWER(NAME), 'hringja') > 0
        OR INSTR(NLS_LOWER(NAME), 'síma') > 0;
```

tt#33118,tt#33325,tt#44061

● Afgreiðslukerfi - Símtöl

Nú er gerður greinamunur á því hvort að tímabókun er símtal eða venjuleg tímabókun. Meðhöndlun símtala er frábrugðin meðhöndlun venjulegrar tímabókunar að því leyti að hún er komulaus þ.e. ekki er hægt að skrá komu á símtalsbókun og símtalsbókanir eru ekki tengdar við lotur. Í stillingum fyrir form tímabókana er skilgreindur samskiptamáti fyrir form tímabókunar þar sem tilgreint er hvort um er að ræða símtal eða komu. Símtalsbókanir birtast ekki í skýrslum.

Hægt er að merkja símtal sem „Símtali lokið“ og þá birtist það skáletrað. Einnig er hægt að búa til reikning fyrir símtal og þá er það sett í stöðuna „Í vinnslu“ og verður feitletrað. Hægt er að hætta við símtal ef því hefur verið lokið og verður símtalið þá annaðhvort feitletrað eða með venjulegu letri eftir því hvort til eru reikningar fyrir símtalið eða ekki. Þegar gengið er frá símtali fyrir greiðslu er símtalið merkt lokið ef stilligildi 2058 (Merkja símtal lokið eftir frágang greiðslu) er virkt annars í vinnslu.

Stillingar - Form tímabókana

Nú er hægt að stilla samskiptamáta fyrir form tímabókunar. Hægt er að velja um komu eða símtal. Koma er sjálfgefin.

Fyrir kerfisstjóra

Uppfæra þarf þau form tímabókunar sem eru skilgreind sem símtöl. Það þarf að setja INTERACTION_TYPE = 2.

Eftir farandi skipun ætti að duga sem útgangspunktur.

```
UPDATE T_CONTACT
  SET INTERACTION_TYPE = 2
  WHERE INSTR(NLS_LOWER(NAME), 'símtal') > 0
        OR INSTR(NLS_LOWER(NAME), 'hringt') > 0
        OR INSTR(NLS_LOWER(NAME), 'hringja') > 0
        OR INSTR(NLS_LOWER(NAME), 'síma') > 0;
```

tt#33118,tt#33325,tt#44061

● Afgreiðsla - Finna tímabókanir

Glugginn hefur verið minnkaður og birtist nú á miðjum skjánum.

tt#44691,tt#44692

● Afgreiðsla - Finna tímabókun

Ef raðað er eftir dagsetningum i leitarglugga til að finna tímabókun raðast færslur innan sama dags út frá tímasetningu tímabókunar. Athuga að ekki er hægt að raða sérstaklega eftir tímasetningu óháð dagsetningu.

tt#44698,tt#44699



● Afgreiðsla

Röðun í leitarglugga fyrir tímabókanir hefur verið lagfærð. Í útprentun var listi yfir tímabókanir ekki alltaf í sömu röð og hann var í viðmótinu þegar prentað var.

tt#44738,tt#44740

● Afgreiðsla

Nýr flýtilykill hefur verið settur á aðgerðina "Ný (tímabókun) á valinn einstakling og aðföng". Hann er nú Shift+Ctrl+M en var áður Ctrl+Alt+M, sem skaraðist við aðgerðina að opna Meðferðarskráningu þar sem hún var virk.

tt#44767

● Afgreiðsla

Nú birtist SMS staða tímabókunar þegar leitað er að tímabókunum.

ac#31815,tt#44849

● Afgreiðsla - Greiðsluform

Bætt hefur verið við „American Express“ sem greiðsluvalmöguleika.

ac#26598,ac#26603,tt#44992,tt#44997

● Afgreiðsla

Nú er lotuskráning ekki lengur einungis tengd afgreiðsludeild heldur einnig formi tímabókunar. Þetta þýðir að hægt er að bóka á ólotutengd form á afgreiðsludeild sem þó er lotutengd.

Stillingar

Nú eru form tímabókunar lotutengd og því hefur verið bætt við hakboxi fyrir það val.

tt#44834,tt#44835,tt#44837,tt#44838,tt#44839,tt#45023,tt#45218,tt#45219,tt#45220

● Afgreiðsla - Leit eftir tímabili í komuflipa hægivirk

Nú ætti leit eftir tímabili í komuflipa að vera hraðvirkari. Þegar dagsetning hefur verið slegin inn þarf að ýta á Enter eða Tab til að listinn uppfærist.

ac#32131,tt#45040

● Afgreiðslukerfi - Afgreiða

„Tr greiðir valinn gjaldalið“ hnappurinn hefur verið færður neðar til þess að hann sé fjær „Breyta...“ og „Eyða...“

tt#45060

● Afgreiðsla

Nú er lotuskráning ekki lengur einungis tengd afgreiðsludeild heldur einnig formi tímabókunar. Þetta þýðir að hægt er að bóka á ólotutengd form á afgreiðsludeild sem þó er lotutengd.

Stillingar

Nú eru form tímabókunar lotutengd og því hefur verið bætt við hakboxi fyrir það val.

tt#44834,tt#44835,tt#44837,tt#44838,tt#44839,tt#45023,tt#45218,tt#45219,tt#45220

● Afgreiðsla

Nú er boðið upp á sjálfkrafa útskrift slysa- og bráðasjúklinga skráða í komuflipann.

tt#45264,tt#45265

● Afgreiðsla

Nú er einnig leitað að komum og kvittunum á óvirkum afgreiðsludeildum.

- Afgreiðsla - Aðstandendur

Nú er hægt að opna aðstandendaglugga sjúklings úr afgreiðslueiningunni. Það er gert með því að velja Saga - Aðstandendur í aðalvalmynd.

Ef sjúklingur er valinn í tímabókunar- eða komuflipa eru aðstandendur hans sýndir. Ef enginn sjúklingur er valinn en kerfissjúklingur er settur eru aðstandendur hans sýndir.

ac#32543,tt#45417

- Afgreiðsla - Útprentun (ekki kvittanir)

Stillingildi 2038 hefur verið breytt og gildir ekki lengur aðeins um Límmiða.

Ef stilligildi = 1 þá hakað við Bráðasjúkraskrá ef sjúklingur kominn, annars hakað við Minnismiði

Ef stilligildi = 2 þá hakað við Endurkomukort ef sjúklingur kominn, annars hakað við Minnismiði

Ef stilligildi = 3 þá hakað við Samskiptaseðil ef sjúklingur kominn, annars hakað við Minnismiði

Ef stilligildi = 4 þá hakað við Göngudeildarnóta ef sjúklingur kominn, annars hakað við Minnismiði

Ef stilligildi = 5 þá hakað við Límmiða, hvort sem sjúklingur er mættur eða ekki.

Ef stilligildið er óvirkt og sjúklingum mættur er hakað í "Bráðasjúkraskrá" sé sjálfgefin tegund komu

afgreiðsludeildarinnar "Ný koma" eða hakað í "Endurkomukort" sé sjálfgefin tegund komu

afgreiðsludeildarinnar "Endurkoma". Þar að auki ef stilligildið er óvirkt og sjúklingur ekki mættur hakast í "Minnismiði".

Ath. einungis er hakað við þá valmöguleika sem eru virkir.

ac#32721,tt#45547

- Afgreiðslukerfi - Komuflipi

Taflan fyrir komur hefur verið uppfærð. Í nýju töflunni vistast allar stillingar fyrir notanda (stærðir dálka, síur, dálkar sem flokkað er eftir og fleira) sjálfvirkt þegar afgreiðslunni er lokað og fylgja honum óháð útstöð.

Einnig hefur verið bætt við nýrri virkni „Sjálfvirk stærð dálka“ sem virkar þannig að allir dálkar falla innan þess hluta töflunnar sem er sýnilegur og fylla alveg út í töfluna. Þessi virkni er aðgengileg í tólaslánni neðst niðri í komuflipanum og einnig með hægrimúsarmelli á töfluna.

ac#32889,tt#45647

- Afgreiðsla

Ef einstaklingur mætir ekki í bókaðan tíma er hægt að merkja tímabókunina þannig að einstaklingur komi ekki og valin notandi krafinn um að velja ástæðu. Nafn einstaklings skrifast þá yfirstrikað í afgreiðslunni, en þar til nú hefur ekki verið hægt að sjá ástæðuna nema opna sérstakan leitarglugga fyrir tímabókanir. Nýtt í þessari útgáfu er að ástæðan birtist ef farið er með músina yfir nafn sjúklingsins eða það svæði sem tímabókunin tekur yfir. Þannig að ef tvær eða fleiri bókanir eru í sama tímahólfinu þá kemur hint fyrir allar útstrikaðar bókanir í því hólfi

ac#32890,tt#45676

- Afgreiðsla - A4 kvittun

Bæst hefur við einn möguleiki við að velja haus á A4 kvittanir. Nú er einnig boðið upp á að vera með aflangt lógó stofnunar. Eins er hægt að sleppa kennitölu stofnunar ef kennitala lækna fyrirtækisins er sú sem koma þarf fram á kvittun. Þá sést hún þar sem nafn læknis kemur fram á kvittun.

Starfslýsing læknis sést nú einnig á kvittuninni með læknisupplýsingum.

ac#33024,tt#45903,tt#45904

- Afgreiðsla

"Finna tímabókun..." og "Finna komur..." hefur verið bætt við í valmyndina þegar hægri smellt er á tímalínur í Tímabókanaflipanum.

"Finnta tímabókun..." hefur verið bætt við valmyndina þegar hægri smellt er á lista yfir komur í



Komuflípanum.

Þessir valmöguleikar birta glugga með útfyllta kennitölu sjúklings ef ákveðinn sjúklingur var valinn í listanum.
ac#33251,tt#45929

● Afgreiðsla

Sé koma merkt gjaldfrjáls, en síðar settir gjaldaliðir á komuna þá er koman ekki lengur merkt gjaldfrjáls og ekki hægt að velja að hún sé gjaldfrjáls með því að opna komugluggann. Sé gjaldaliðum eytt af komunni, þá merkist koman ekki sjálfkrafa aftur gjaldfrjáls, heldur þarf að opna komuglugga og handvirkt velja aftur ástæðu fyrir því að koman sé gjaldfrjáls.

tt#45942,tt#45944

● Afgreiðsla

Ef tímabókun eða koma er skráð og sjúklilngur á bara eina opna ferli-lotu, þá er ekki lengur hakað sjálfkrafa við hana nema lotan tilheyri skráningardeild notanda (þ.e. ef skráningardeildin er annaðhvort staðsetningardeild lotunnar eða þá kjarnadeild).

ac#33339,tt#45968

● Afgreiðsla

Nú er hægt að eyða komu þó svo að hún sé tengd samskiptum, svo framarlega sem að samskiptin eru annað hvort ógild eða innihalda ekki nein gild blöð.

Ef samskiptin eru virk og innihalda virk eyðublöð þá er eins og áður ekki heimilt að eyða komunni. Sé komunni eytt þá eru samskiptin gerð ógild og þau slitin frá komunni.

ac#33252,tt#46018

● Afgreiðsla

Flípann Vistir hefur verið fjarlægður úr afgreiðslueiningu.

tt#46024

● Afgreiðsla

Upplýsingar um útskriftardag og hvert var útskrifað sjást nú í glugganum sem kemur upp þegar aðgerðin „Taka útskrift til baka“ er valin í Komu-flípanum.

ac#33414,tt#46067

● Afgreiðsla - Koma færð milli lota

Nú ættu samskipti ekki að missa tengingu við komu í eyðublaðaeiningunni ef koman er færð á nýja ferlilotu í afgreiðslu.

ac#33707,tt#46253,tt#46264

● Afgreiðsla - Breytt um lotu á komu

Komur ættu ekki lengur að missa tengingu við samskipti þegar skipt er um lotu á komu sem er merkt farin.

ac#33912,tt#46426,tt#46483

● Afgreiðsla - tímabókanir

Ef stilligildi 1161 er virkt þá er ekki hægt að gera tímabókun án þess að skrá tilvísun. Einnig er gáð að þessu í komuglugga. Komu er ekki hægt að staðfesta sé stilligildið virkt og ekkert valið fyrir tilvísun.

ac#33963,tt#46487,tt#47044

● Afgreiðsla - Uppgjör lækna

Á uppgjöri lækna sést nú í upplýsingum um hverja kvittun auðkenni afgreiðsludeildar sem reikningur var gerður á.

ac#33743,tt#46625,tt#46626

● Afgreiðsla



Stilligildi 2050 hefur verið breytt svo nú hefur það tvö gildi, 1 og 2 þegar það er virkt.

Fyrir uppástungur á komudagsetningu virkar það svo:

þegar gildið er 1 virkar stilligildið eins og áður, þ.e. stungið er upp á bókunardagsetningu ef tímabókun er a.m.k. dags gömul. Ef tímabókun er núverandi dagsetning kerfisins notuð.

þegar gildið er 2 er stungið upp á bókunardagsetningu óháð því hve gömul tímabókunin er.

Fyrir uppástungur á dagsetningu þegar sjúklingur fer virkar stilligildið svo:

þegar stilligildið er virkt, óháð hvort gildið er 1 eða 2 er stungið upp á komutíma auk þá tímalengd sem tímabókunin nær yfir.

ac#34218,tt#46649

● Afgreiðsla

Ef tilvísun er breytt í tímabókunarglugga eftir að einstaklingur hefur verið skráður kominn þá er athugað hvort skráning tilvísunar hafi verið til staðar í komuglugga. Ef hún var ekki til staðar þá er tilvísun skráð sú sama og verið er að skrá í tímabókunarglugga. Ef hún var til staðar og er sú sama þá er ekkert gert, en ef skráning tilvísunar er ekki samhljóða í tímabókunarglugga og komuglugga þá kemur upp staðfestingargluggi um hvað skuli gera. Breyta tímabókun til samræmis við komu, breyta komu til að endurspeglar breytingar í tímabókunarglugga, eða hreinsa tilvísunarskráningu í tímabókunarglugga.

ac#34313,tt#46727,tt#46728

● Afgreiðsla

Prentarastillingum fyrir Endurkomukort og Endukomumiða hefur verið skipt upp svo hægt að hafa sitthvorn prentarann. Stillingar fyrir Endurkomukortsprentara haldast inni en stilla þarf inn nýjan Endurkomumiðaprentara.

ac#34320,tt#46731

● Afgreiðsla

Prentun fyrir minnismiða hefur verið breytt þannig að í haus hægra megin er prentuð sjálfgefin komudeild aðfangs í stað heiti afgreiðsludeildar. Ef aðfang er ekki stillt með sjálfgefna komudeild er heiti Afgreiðsludeildar prentað líkt og áður.

ac#33838,tt#46954

● Afgreiðsla - Taka útskrift til baka

Nú er hægt að hægri smella á sjúkling sem er farinn í tímabókunum eða komum og velja Taka útskrift til baka. Ef sjúklingur er farinn þá er hann merktur sem kominn.

Gamla virknin til að taka útskrift til baka þar sem slá þurfti inn kennitölu sjúklings og velja komuna af lista er enn til staðar. Til að velja hana er ýtt á CTRL+Z á lyklaborðinu, eða farið í valmyndina Finna -> Taka útskrift til baka ...

tt#47192,tt#47369,tt#47472

● Afgreiðsla - Aðgerðir í komuflipa í hægrismellsvalmynd

Nú er hægt að framkvæma aðgerðirnar „Ný koma“, „Ný koma á valinn einstakling“ og „Taka útskrift til baka“ með því að hægri smella og velja viðeigandi aðgerð.

tt#47193,tt#47473

● Stillingar - Gjaldflokkur

Nú er hámarksupphæð á blönduðum reikningum og sérfræðireikningum skráð fyrir hvern gjaldflokk. Þessi upphæð er svo notuð í Afgreiða glugganum í afgreiðslukerfinu í staðinn fyrir það sem var skráð í stilligildi 2029 og 3005 áður.

ATH. Kerfisstjórar ættu að líta yfir gjaldflokkana í Stillingum og tryggja að hámarksupphæðir hafi uppfærst, og setja þá inn rétt gildi vanti upplýsingar einhvers staðar.

tt#47304,tt#47311

- Afgreiðsla

Ef stilligildi 2060 er virkjað breytist leyfilegt val á starfsmönnum í komuglugga úr því að vera „Læknir“, „Annar læknir“ og „Hjúkrunarfræðingur“ í að vera „Starfsmaður 1“, „Starfsmaður 2“ og „Starfsmaður 3“. Jafnframt víkka leitarskilyrði fyrir starfsmenn úr því að vera einskorðuð við viðkomandi starfsstéttir í að leyfa leit í heildarstarfsmannalista.

tt#47330

- Afgreiðsla - Komur

Ef stilligildi 2060 er ekki virkt, og reitirnir í flípanum „Starfsfólk“ í komuglugganum því tengdir læknum en ekki almennum starfsmönnum, er nú hægt að slá læknanúmer beint í reitina svo ekki þurfi að fara í leitargluggann ef númerið er þekkt.

tt#47335,tt#47462

- Afgreiðsla

Stilligildi 2061 hefur verið bætt við. Ef það er virkt er prentuð sjálfgefin komudeild aðfangs í haus hægra megin í stað heiti afgreiðsludeildar. Ef aðfang er ekki stillt með sjálfgefna komudeild er heiti Afgreiðsludeildar prentað líkt og þegar stilligildið er ekki virkt.

ac#35133,tt#47365

- Afgreiðsla

Stilligildi 2026 var skipt upp í tvö stilligildi: 2026 og 2062. 2026 stjórnar því hvort hægt sé að ógilda kvittanir í fellivalmyndinni "Afgreiðsla". 2062 stjórnar því hvort hægt sé að ógilda kvittanir í "Finna kvittun" glugganum.

ac#30158,tt#47445

- Afgreiðsla

Stilligildi 2050 getur haft tvö gildi, 1 og 2, þegar það er virkt.

Fyrir uppástungur á komudagsetningu virkar það svo:

þegar gildið er 1 og tímabókun er a.m.k. dags gömul er stungið upp á bókunardagsetningu.

þegar gildið er 2 er stungið upp á bókunardagsetningu óháð því hve gömul tímabókunin er.

þegar stilligildið er óvirkt er stungið upp á núverandi dagsetningu kerfisins. Einnig ef gildið er 1 og tímabókunin er í dag.

Fyrir uppástungur á dagsetningu þegar sjúklingur fer virkar stilligilidið svo:

þegar gildið er 1 og tímabókun er a.m.k. dags gömul er stungið upp á komutíma auk þá tímalengd sem tímabókunin nær yfir.

þegar gildið er 2 er stungið upp á komutíma auk þá tímalengd sem tímabókunin nær yfir óháð hve gömul tímabókunin er.

þegar stilligildið er óvirkt er stungið upp á núverandi dagsetningu kerfisins. Einnig ef gildið er 1 og tímabókunin er í dag.

ac#35329,tt#47488,tt#47495

- Afgreiðsla

Stilligildi 2064 stýrir því hvort þess sé krafist að skráð sé eðli tilvísunar þegar tími er bókaður í Afgreiðslu og jafnframt þegar sjúklingur er merktur kominn. Það á þó einungis við um nýkomur og stýrist þá af stillingum kerfisins hvort viðvörðun sé gerð eða ekki. Það virkar á þann hátt að hægt er að stilla afgreiðsludeildir sem annaðhvort nýkomu- eða endurkomudeildir svo að þegar stilligildi 2064 er virkt þá er athugað hvort tímabókunin sé jafnframt á nýkomudeild áður en leyft er að loka tímabókunarglugga.

Einnig er hægt að stilla form tímabókana sérstaklega sem sjálfgefin nýkomu- og endurkomuform, og er sú stilling þá réttþærri en deildin eingöngu. Þ.e.a.s. sé afgreiðsludeild stillt sem endurkomudeild en form tímabókunarinnar sem verið er að skrá er auðkennt sem nýkoma, þá kemur viðvörðun ef tilvísun hefur ekki verið skráð þar sem stilling formsins er réttþærri en deildarinnar og ekki er hægt að staðfesta tímabókunina

nema tilvísun sé skráð. Eins á hinn veginn, ef deild er skilgreind sem nýkomudeild, en form tímabókunar sem endurkoma, þá kemur ekki viðvörðun þótt tilvísun hafi ekki verið skráð.

Í komuglugga frumstillist skráningarsvæðið fyrir tegund komu í samræmi við stillingar deildar, eða forms tímabókunar hafi það verið skilgreint sérstaklega. Þetta hefur þó engin áhrif á það að ef í ljós kemur að sjúklingur er ekki að koma í fyrsta sinn þá er að sjálfsgöðu hægt að breyta úr nýkomu yfir í endurkomu og öfugt komi hið gagnstæða í ljós. Þegar reynt er að loka komuglugga þá er litið til skráningargildisins sem sést í glugganum, þ.e.a.s. hvort koman sé nýkoma og jafnframt stilligildis 2064 til að vita hvort skuli tryggja skráningu á tilvísun.

Lotutengd form tímabókana eru undanskilin þessari virkni.

(Ath. í útgáfu 3.1.33 var þetta stilligildi nr. 1161 en var flutt og er frá og með útgáfu 34 nr. 2064.)

Stillingar - Form tímabókana

Bætt hefur verið við stillingarmöguleika fyrir form tímabókana fyrir tegund komu. Sjálfgefin stilling er á þann veg að það fari eftir stillingum afgreiðsludeildar, en jafnframt er hægt að stilla form tímabókana þannig að þau séu annaðhvort nýkomur eða endurkomur. Sú stilling er rétt hærrí stillingu afgreiðsludeildar.

tt#47653,tt#47654,tt#47655,tt#47657,tt#47658,tt#47661,tt#47662,tt#47665,tt#47667,tt#47668,tt#47669,tt#47670,tt#47671,tt#47672,tt#47673

- Afgreiðsla - Komur

Nú er hægt að tengja komu í afgreiðslu við fleiri en eina tímabókun sama dag ef stilligildi 2063 „Leyfa að tengja tímabókanir við komu sem er til“ er virkt.

tt#46865,tt#46875,tt#47690

- Afgreiðsla - Persónuupplýsingar og Aðstandendur

Persónuupplýsingar og Aðstandendur undir Saga valmyndinni taka nú mið af því hvaða sjúklingur er valinn í tímabókunarlistanum ef tímabókunarflipinn er valinn. Ef komuflipinn er valinn er tekið mið af því hvaða sjúklingur er valinn í komulistanum.

ac#35788,tt#47876,tt#47877

- Afgreiðsla - Símtöl

Farið var yfir valmöguleikana í flipunum tveimur í Afgreiðslu, tímabókanir og komur, m.t.t. þess af hvaða tegund koman er. Símtöl verður að vera hægt að gera upp á svipaðan hátt og venjulegar komur, því á þeim geta hugsanlega hangið gjaldaliðir. Því sjást þau í komuflipa. Þau hafa nú verið aðgreind frá venjulegum komum með grænum bakgrunni á móti bláum færslum venjulegu komanna (litakóðun í komulistanum er virkjuð með stilligildi 2042). Einnig eru nú einungis virkar aðgerðir sem eiga við símtöl þegar símtalafærsla er valin og komuáðgerðir þegar venjuleg koma er valin.

Þar sem símtöl eru ekki venjulegar komur þá sjást ekki upplýsingar um þau í forminu hægra megin í komuflipa. Ekki er heldur hægt að skoða upplýsingar um þau þegar farið er í gluggann „Finna komur“. Þau koma í listann en ekki er hægt að skoða þau neitt frekar.

Bætt var við færslu í listann yfir „fer / útskrifast hvert“, sem er nauðsynleg til að geta birt upplýsingar um að símtölum sé lokið í komuflipanum og sést þegar hakað er við að sjá útskrifaða. Svo lengi sem þessi færsla, sem er nr. -1 og hefur textann „Símtal lokið“, er ekki bætt á neina deild í gegnum Stillingar þá ætti hún ekki að þvælast fyrir neinum. Þessi texti kemur einnig með í „Finna komur“ gluggann.

ac#35794,tt#47894,tt#47895

- Afgreiðsla

Tveimur atriðum hægra megin í komu-flipa hefur verið breytt. Nánasti aðstandandi er nú sá sami og birtist í Persónuupplýsingum. Þriðja starfsmanninum sem tengist komu var bætt við og kallast 3. Starfsmaður ef stilligildi 2060 er virkt, annars Hjúkrunarfræðingur.



ac#36268,ac#36380,tt#48370,tt#48371

- Afgreiðsla

Ný Bráðasjúkraskrá hefur verið tekin í notkun.

ac#36311,tt#48384,tt#48433

- Afgreiðsla - Bráðasjúkraskrá

Búið er að gera meira bil á milli aðstandanda og rammans með lífsmörkum.

ac#36659,tt#48698,tt#48746

- Afgreiðsla - Bráðasjúkraskrá

Nafn sjúklings er nú birt efst á seinni síðunni.

ac#36823,tt#48802,tt#48827

- Afgreiðslukerfið - Tryggingaleg staða

Gluggi tryggingaleg staða birtist ekki ef búið er að athuga tryggingalega stöðu fyrir einstaklingin fyrir daginn.

tt#48929,tt#48930

- Afgreiðsla - Tímabókun

Tímalengd frumstillist ekki lengur miðað við valið form þegar lækni eða tilvísun er breytt í Ný tímabókun glugganum.

tt#49031,tt#49033,tt#49034

- Afgreiðsla - Koma

Listinn yfir staðsetningu er nú raðaður eftir röðinni sem skilgreind er í gagnagrunninum.

ac#36467,tt#48531,tt#49153

- Afgreiðsla - Uppgjör lækna

Ef afgreiðsludeild var valin þegar uppgjör lækna var prentað þá reiknuðust ekki saman sérfræðieiningar á öftustu síðu, heldur voru alltaf 0. Þetta hefur nú verið lagað.

Einnig var leit virkjuð í lista yfir lækna í prentglugganum, þannig að nú er hægt að slá inn nafn og listinn staðsetur sig þá eftir því sem slegið er inn.

ac#37258,tt#49161,tt#49162

- Afgreiðsla - Afsláttarkort

Ef stilligildi 2059 er virkt (Athuga tryggingalegasstöðu hjá SÍ) að þá athugar Saga ekki hvort afsláttarkortið er útrunnið.

ac#37201,tt#49255,tt#49256

- Afgreiðsla - Reikningur fyrir símtöl

Nú kemur ekki lengur upp villa ef afgreiðsluglugganum er lokað án þess að prenta þegar verið er að vinna með símtal.

tt#49306,tt#49519

- Afgreiðsla

Þegar notandi velur sniðmát fyrir ferlilotu sem hann vill stofna á sjúkling þá sýnir listinn nú einnig heiti þjónustuflokks fyrir aftan heiti sniðmátsins.

ac#35783,tt#47873,tt#50052

Afritanir inn á læknaþréf

- Eyðublöð



Eftirfarandi breytingar/viðbætur hafa verið gerðar á afritun inn á Læknabréf #12:

- Allar dagsetningar eru nú á forminu DD.MM.YYYY (t.d. „01.02.2011" í stað „1.2.2011")
- Tvípunktur kemur nú fyrir aftan tímabil legu (t.d. „Lega: 09.02.2011 - 10.02.2011:" til að það prentist feitletrað
- Sjúkdsómsgreiningar, Aðgerðir og Rannsóknir prentast fast upp við millifyrirsögnina, ekki kemur lengur auð lína milli fyrirsagnar og kóða.
- Sjúkdsómsgreiningar, Aðgerðir og Rannsóknir prentast fremst í línu en eru ekki inndregnar um 2 stafabil
- Innihald (Nóta) úr Útskriftarnótu #13 er nú afritað neðst í kaflann „Innihald" á læknabréfinu með millifyrirsögn „Útskrift:"
- Pre-op mat kemur nú með tvípunkti fyrir aftan til að það prentist feitletrað

ac#35972,tt#48074,tt#48075

● Eyðublöð

Afritunum inn á Læknabréf #12 hefur verið breytt til að meðhöndla fæðingartilkygningar #167 sérstaklega.

Fyrst eru kaflarnir „Afbrigði fæðingar móður" og síðan „Aðrar sjúkdómsgreiningar móður" afritaðar inn í greiningar, og þvínaest er kaflinn „Íhlutir/meðferð/aðgerðir í fæðingu" afritaður inn í Aðgerðir.

Athugið að nauðsynlegt er að Fæðingartilkygningar séu skráðar í stilligildi 1037 til þess að afritað sé af þeim inn á Læknabréfið.

ac#35998,tt#48104,tt#48220

Askja (OLAP)

- Til að tengja við afgangslueiningu hafa verið búin til tvö ný stilligildi í töflunni G_SETUP. Númer þeirra eru 1099 og 1100.

tt#43678,tt#43707,tt#43969,tt#44062,tt#44073,tt#44076,tt#44107,tt#44111,tt#44118,tt#44177,tt#44178,tt#44180,tt#44212,tt#44358,tt#44359,tt#44882,tt#44883

- ADT

Bætt var við dálkinum Service_Group_Id í töfluna Ga_Group sem tengir þjónustuflokka í Sögu við þjónustuflokka skilgreinda af Landlækni. Þjónustuflokkar Landlæknis er að finna í töflunni Ga_Service_Group og Ga_Service_Group_Desc.

tt#44632

Biðlisti (gaWaitingList)

- Eyðublöð / Biðlisti

Á eyðublað „Innlagnarbeiðni" hefur bæst við (undir kaflanum „Væntanleg innlögn") svæðið „Biðlistadeild", þar sem hægt er að velja þá deild sem á að sjá beiðnina á biðlista hjá sér.

Þegar notandi fer í Biðlista þá getur hann einungis valið þær staðsetningardeildir sem hann hefur sjúkraskráraðgang að, og séð þar undir þær beiðnir sem eru á biðlistum þeirra deilda.

tt#45041,tt#45042

- Biðlisti

Kaflinn „Biðlistadeild" hefur nú bæst við eyðublað Beiðni um meðferð/rannsókn 377, og einnig í textasýn eyðublaðsins.

tt#45048,tt#45083

- Biðlisti - Meðferð

Fjórir nýjir dálkar eru í meðferðarflípanum í biðlista, heimilisfang sjúklings, nafn nánasta aðstandanda, lokadagur meðferðar og farsímanúmer sjúklings.

ac#32743,tt#45571



● Biðlisti

Töflurnar í flipunum „Biðlisti“ og „Meðferð“ bjóða nú upp á öflugri möguleika á flokkun og síun gagna, auk þess sem allar stillingar notanda vistast þegar einingunni er lokað og eru lesnar aftur inn næst þegar hún er opnuð.

ac#32731,tt#45631,tt#45668

● Biðlisti

Taflan í flipunum „Aðgerðir“ býður nú upp á öflugri möguleika á flokkun og síun gagna, auk þess sem allar stillingar notanda vistast þegar einingunni er lokað og eru lesnar aftur inn næst þegar hún er opnuð.

tt#45669,tt#45670

● Biðlisti - Nafn deildar á útprentun

Nú er nafn deildar sem listinn á við á útprentun.

tt#46007

● Biðlisti

Nú er hægt að tvísmella eða ýta á „return“ takkann, til að opna tiltekið blað í eyðublaðaeiningunni.

tt#46802

● Biðlisti

Valin deild vistast nú í gagnagrunni og er sjálfkrafa valin næst þegar notandi opnar Biðlistann.

tt#47110,tt#47111

● Biðlisti og eyðublaðið „Innlagnarbeiðni“ (#9)

Ýmsar breytingar voru gerðar á Innlagnarbeiðni (#9).

- „Biðlistadeild“ heitir nú „Deild viðtakanda“.

- Settur var inn hnappur, „Senda“, sem staðfestir innlagnarbeiðnina og gefur deild viðtakanda aðgang að henni sé sú deild önnur en deildin sem beiðnin er búin til á.

- „Innlagnardeild“ var flutt inn í kaflann „Samband við sjúkling“ og einungis deild viðtakanda má breyta henni.

- „Staða“, sem sömuleiðis er í kaflanum „Samband við sjúkling“, var einnig stillt þannig að einungis deild viðtakanda má breyta henni.

- Kaflinn „Samband við sjúkling“ var fluttur neðst á blaðið og „Tilvísandi aðili“ var færður ofar.

- Stillingildi 1081 sem áður setti sjálfgefna innlagnardeild, setur nú jafnframt deild viðtakanda sem deildina sem notandinn er skráður inn á sé það virkt.

Ýmsar breytingar voru einnig gerðar á Biðlista.

- Biðlisti les nú einungis staðfestar beiðnir. Þess vegna verður að gæta þess að staðfesta Innlagnarbeiðnir til að þær sjáist. Bæði er hægt að gera það á venjulegan hátt, en það gerist einnig með nýja Senda takkanum á Innlagnarbeiðninni. Óstaðfestar beiðnir voru því staðfestar vélrænt við þessa uppfærslu á kerfinu.

- Sýnileiki flipa í Biðlista fer nú eftir flokkun deilda í Kerfisumsjón. Sé deildin biðlistadeild, þá sjást fliparnir „Biðlisti“, „Aðgerðir“ (einnig háð stilligildi 111) og „Innliggjandi“ (einnig háð stilligildi 112), og sé deildin meðferðarbiðlistadeild þá sést flipinn „Meðferð“. Deild getur bæði verið venjuleg biðlistadeild og meðferðarbiðlistadeild. Þá sjást allir umræddir flipar. Athugið að stilligildi 76, sem áður stýrði sýnileika meðferðarflipans hefur engin áhrif lengur.

- Deildalistinn fer einnig eftir sama vali. Í deildalista sjást þær biðlistadeildir sem notandinn hefur aðgang að og þar sem hann hefur aðgang að Biðlista. Sama gildir um meðferðarbiðlistadeildir, þær deildir sjást í listanum sem notandi hefur aðgang að og hefur jafnframt aðgang að Biðlista á þeim deildum. Það hvor listinn sést í fellivallistanum fer eftir því á hvaða flipa notandinn er staddur hverju sinni.

Smávægilegar breytingar voru einnig gerðar á Beiðni um meðferð / rannsókn (#377)

- „Biðlistadeild“ heitir nú „Deild viðtakanda“

- Listi deilda sem sóttur er í „Deild viðtakanda“ inniheldur nú eingöngu deildir sem auðkenndar eru sem meðferðarbiðlistadeildir í Kerfisumsjón.



ac#33492,ac#34023,tt#46150,tt#46515,tt#47218

- Biðlisti / Eyðublöð

Þegar Aðgerðalýsing (#11) er stofnuð þá kemur upp gluggi sem leyfir notanda að velja við hvaða Innlagnarbeiðni (#9) sjúklingsins á að tengja Aðgerðalýsinguna. Þessi virkni - að tengja hverja Aðgerðalýsingu við ákveðna Innlagnarbeiðni - gerir það að verkum að Biðlistinn sýnir ávallt rétta stöðu (þ.e. Innlagnarbeiðnir sem ekki er búið að gera Aðgerðalýsingu fyrir) alveg óháð því í hvaða lotum/samskiptum eyðublöðin eru stofnuð né í hvaða tímaröð það var framkvæmt.

Það er ekki nauðsynlegt að velja Innlagnarbeiðni fyrir Aðgerðalýsinguna: hægt en að stofna „ótengdar“ Aðgerðalýsingar með því að velja „Hætta við“ í glugganum, en hafi Innlagnarbeiðni á annað borð verið valin þá er ekki hægt að „aftengja“ Aðgerðalýsinguna síðar meir nema eyða henni. Hægt er að tengja margar Aðgerðalýsingar við hverja Innlagnarbeiðni; hinsvegar getur hver Aðgerðalýsing einungis tengst einni Innlagnarbeiðni.

Í stilligildi #1164 er hægt að skrá hversu margar daga aftur í tímann á að leita að Innlagnarbeiðnum þegar notandinn velur beiðni til að tengja við Aðgerðalýsinguna. Sjálfgefið gildi er 365 dagar.

ac#32927,tt#47379,tt#47380,tt#47464,tt#48263

- Eyðublað - Innlagnarbeiðni (#9)

Með stilligildi 142 er nú hægt að stýra því hvort að skylt sé að skrá tilvísandi aðila á Innlagnarbeiðni (#9) áður en hún er staðfest. Ef gildið er ekki virkt þá kemur eingöngu aðvörðun en notanda er leyft að halda áfram, kjósi hann að skilja tilvísandi aðila eftir óútfylltan.

tt#47528,tt#47529

- Eyðublað - Innlagnarbeiðni (#9)

Stöðu eða innlagnardeild á innlagnarbeiðni (#9) má að öllu jöfnu ekki breyta nema notandi sé skráður inn á deild viðtakanda sem skilgreind er á beiðninni. Með því að virkja stilligildi nr. 145 er notendum annarra deilda gert kleift að breyta þessum upplýsingum, sama hvaða deild þeir eru skráðir inn á.

tt#48681,tt#48683

- Eyðublað

Ef stilligildi #1164 er gert óvirkt þá er ekki boðið upp á að tengja Innlagnarbeiðni við Aðgerðalýsingu þegar Aðgerðalýsingin er stofnuð.

ac#37331,tt#49245,tt#49246

Dagplan deildar

- Dagplan deildar

Dagplan deildar uppfærast nú í samræmi við deildina sem valin er í deildarlista. Þetta á við almenna og sértæka dagplanið.

tt#46316

- Meðferð - Almenn dagplan

Nú sjást sjúklingar á þeirri deild sem er valin í deildarlistanum óháð því hvort um er að ræða staðsetningardeild eða þjónustuflokk.

tt#49879,tt#49880

eMR Komponentar

- Íhlutir, lífsmörk og mælingar, meðferðarskráning - sjúklingalistar

Ofantaldar einingar geyma núna hvaða dálkum er raðað eftir á sjúklingalistum fyrir hvern notanda.

tt#44494



● Íhlutir, lífsmörk og mælingar, meðferðarskráning - Sjúklingar með óstaðfestar mætingar

Sjúklingar sem eru skráðir í Legu en eru ekki staðfestir sem mættir sjást ekki lengur á sjúklingalista ofantaldra eininga.

ac#31629,tt#44607

● Afgreiðsla - finna tímabókun

-Letur hefur verið stækkað í útprentun.

-Nú vistast stillingar töflunnar þegar „Finna tímabókun“ glugganum er lokað.

ac#31634,tt#44629,tt#44705

● Eyðublöð - Senda samskipti

Villa löguð ef stilligildi 89 var virkt að þá var ekki hægt að velja deildir til að senda á.

tt#44689,tt#44690

● Eyðublöð - Senda blað

Nú kemur starfslýsing á eftir nafni í stað kennitölu í fellilistanum fyrir starfsmenn.

ac#31732,tt#44782

● Íhlutir, meðferðarskráning og mælingar - Sjúklingalisti

Meðferðatengslalisti hefur verið fjarlægður úr ofantöldum einingum.

Nýr flipi 'Í minni umsjá' sýnir alla þá sjúklinga sem notandi er ábyrgur fyrir sem læknir, hjúkrunarfræðingur eða annar starfsmaður.

Deildarflipinn inniheldur nú fellilista þar sem notandi getur valið eina af þeim deildum sem hann hefur aðgang að og séð sjúklingalista þeirrar deildar. Sjálfgefin deild er sú sem notandinn er skráður inn á.

tt#44492,tt#44803,tt#44804,tt#44805

● Eyðublöð - Læknabréf (EB186)

Nú er hægt að velja fleiri en eitt lyf í einu á læknabréf af lyfjalista sjúklings eða starfsmanns án þess að upp komi villa.

ac#32126,tt#45062,tt#45063

● Sjúklingalistar í nýjum einingum

Nú sjást útskrifaðir sjúklingar á deildarlistum út þann dag sem þeir voru útskrifaðir.

ac#32432,tt#45378

● Eyðublöð - aðstandendur

Í glugga þar sem einstaklingur er valinn inn á aðstandendaskrá sjúklings er nú kominn sérstakur leitarhnappur.

tt#45409

● Eyðublöð, aðstandendur

Nafn og kennitala einstaklings er nú sýnilegt í titli glugga sem sýnir aðstandendur sjúklings

ac#32541,tt#45416

● Mælingar, íhlutir, meðferð - Listi yfir mætta sjúklinga

Sjúklingalisti sem sýnir mætta sjúklinga sýnir nú alla sjúklinga sem eru merktir komnir, óháð því hvaða dag þeir voru merktir sem komnir.

ac#32644,tt#45474,tt#45505

● Meðferð, íhlutir og mælingar - Deildarlisti yfir sjúklinga



Deildarlisti yfir sjúklinga sýnir ekki lengur ferli lotur á staðsetningardeildum.

ac#32701,tt#45518,tt#45646

● Meðferð, íhlutir og mælingar - Mættir sjúklingalistinn

Nú sjást allir sjúklingar sem eru mættir í afgreiðslukerfinu í mættir listanum í ofantöldun einingum, ekki bara þeir sem eru mættir og tengdir við ferli.

ac#32700,tt#45520,tt#45653

● Eyðublöð

Nú er hægt að flytja eyðublöð milli samskipta með því að draga blöðin úr eyðublaðalistanum og sleppa þeim ofan á einhver samskipti í trénu vinstra megin við listann. Við þetta veljast þau samskipti sem blaðið var flutt í.

ac#32870,ac#33469,tt#45644

● Aðvaranir

Hakað er við ofnæmi á nýjum færslum.

ac#32218,tt#46064

● Persónuupplýsingar

Glugginn sem sýnir persónuupplýsingar sjúklings sýnir nú í nýjum flipa („Breytt af“) breytingasögu persónuupplýsinganna, þ.e. hvaða notandi stofnaði þær upphaflega og síðan hvaða notendur hafa breytt þeim eftir það og hvenær.

ac#33770,tt#46301

● Lyfjaleit

Þegar verið er að leita að samvirknilyfjum þá er nú notað verð á einingu til að meta ódýrasta lyfið, í staðinn fyrir heildarverð pakkningar. Sýnd eru samvirknilyf í jafn stórum pakkningum, þó með 10% skekkju í hvora átt. Verð á hverja einingu eru nú einnig sýnd með einum aukastaf.

ac#33985,tt#46506

● Kóðaleit - Heiti glugga

"Kóðaleit" heitir nú "Leit".

tt#46619

● Eyðublöð - Lyfseðill

Bæst hefur við stilligildi 1163 sem inniheldur slóð að leit á vefsíðu Lyfjastofnunar.

ac#35118,tt#47350

● Eyðublöð - Vandaliðun

Nú er hægt að haka við vandaliðunarreiti í einni línu með því að draga músina lárétt. Áður þurfti að velja fleiri en eina línu til að það væri hægt.

ac#37061,tt#48959,tt#48960

● Eyðublöð - Senda blað

Deild/Sérgrein listinn er nú í stafrófsröð í Senda eyðublað glugganum.

ac#37178,tt#49053,tt#49054

● Eyðublöð - Leit að tegund eyðublaða

Þegar leitað er að tegund eyðublaðs, t.d. þegar stofna á nýtt eyðublað, þá leitast eftir hluta úr streng. T.d. leit að "bréf" skilar öllum eyðublöðum sem innihalda orðið "bréf".

ac#36271,tt#48352,tt#50056

Eyðublað

- Eyðublöð

Eyðublað "Beiðni um álit sérfræðings" (#45) er nú hægt að senda til allra starfsmanna stofnunar í stað þess að einungis sé hægt að senda það á lækni.

ac#29589,tt#42831,tt#44604

- Eyðublað - Aðgerðarlýsing (#11)

Legunúmer í Aðgerðarlýsingu (#11) kom einungis fram á fyrstu aðgerðarlýsingu sem búin var til í legunni. Það hefur nú verið lagað að ef fleiri aðgerðarlýsingar eru búnar til fyrir sömu legu þá kemur númerið einnig fram á þeim.

tt#43633,tt#45216

- Eyðublöð - Bráðasjúkraskrá (EB6)

Mesta áverkaskor er nú sýnt til hliðar við heildaráverkaskor í kaflanum Greining. Áverkaskorið og kóðinn fyrir skorið eru sýndir. Ef tveir áverkar eru jafn alvarlegir er sá áverki sem er ofar á líkamanum sýndur.

ac#30388,tt#43818

- Eyðublað - „TR-V læknisvottorð vegna umsóknar um stæðiskort" (#421)

Nýtt vottorð komið: „TR-V læknisvottorð vegna umsóknar um stæðiskort"

ac#26868,tt#43821

- Eyðublöð - Samskiptaseðill (EB 36)

Nú er hægt að setja meira en eina greiningu á eyðublaðið 'Samskiptaseðill'. Hægt er að vandaliða úrlausnir við hverja greiningu á seðlinum. Reiturinn greining í Úrlausnir línunum segja til um hvaða greiningu á samskiptaseðlinum úrlausnin er tengd.

Eyðublöð - Tilvísun á meðferðarteymi barna (EB 380)

Nú er hægt að setja meira en eina greiningu á eyðublaðið 'Tilvísun á meðferðarteymi barna'.

Eyðublöð - Nýr vandaliðunargluggi

Vandaliðunarglugganum hefur verið breytt þannig að nú sjást fleiri en ein greining af samskiptaseðli. Hægt er að vandaliða úrlausnir við allar greiningar á samskiptaseðli.

tt#44004,tt#44005,tt#44006,tt#44007,tt#44008,tt#44009,tt#44010,tt#44011,tt#44016

- Eyðublað - TR-V læknisvottorð um skerta líkamsfærni (#422)

Búið hefur verið til nýtt eyðublað fyrir Sjúkratryggingar Íslands.

Eyðublað - TR-V umsókn um undanþágu v/ lýtalækninga (#423)

Búið hefur verið til nýtt eyðublað fyrir Sjúkratryggingar Íslands.

ac#31143,tt#44278,tt#45122

- Eyðublað - Læknabréf/Tilvísun (EB186)

Nú prentast „Læknabréf“ fyrir þau blöð sem voru búin til áður en blaðinu var breytt frá því að vera bara Læknabréf yfir í að vera Læknabréf/Tilvísun.

tt#44778,tt#44791

- Eyðublöð - Beiðni um myndgreiningu, Niðurstöður rannsókna

Skipt hefur verið um táknmynd í haus blaðanna #381 Beiðni um myndgreiningu og #382 Niðurstöður rannsókna



ac#31819,tt#44850,tt#44851

- Bráðamóttökuskrá (EB418) - Viðtakandi

Heimilislæknir sjúklings kemur sjálfkrafa sem viðtakandi á bráðamóttökuskrá þegar hún er búin til.

ac#31845,tt#44867

- Eyðublað - Tilvísun til greiningarteymis (#299)

Eyðublaðið „Tilvísun til greiningarteymis“ var flutt úr kafla 3 - heilsuverndarblöð yfir í kafla 8 - bréf svo hægt væri að vandaliða það.

ac#31859,tt#44876,tt#44877

- Eyðublöð

Lagfærð villa sem kom handahófskennt upp þegar hætt var við að senda eyðublað "Beiðni um álit sérfræðings"

tt#44900,tt#44901

- Eyðublöð

Þegar eyðublað "Beiðni um álit sérfræðings" er sent til starfsmanns skráist nú aðgerðin "Blað sent sem viðhengi" í ferilsögu blaðs, en ekki aðgerðin "Sending" eins og áður, enda er blaðið sent sem viðhengi en fer ekki í umsjá viðtakanda.

tt#44907,tt#44908

- Eyðublað - Sjúkraflutningar #141

Textasvæði fyrir sögu hefu verið stækkað og búið er að útfæra textasýn fyrir blaðið.

ac#32254,tt#45187

- Eyðublöð

Á sumum eyðublöðum sést kafli sem heitir „Flokkun samskipta“. Í honum er reitur sem telur upp aðra starfsmenn sem skráðir eru á samskiptin skv. samskiptaflokkun. Breyting var gerð á honum þannig að þar eru nú listuð stutt nöfn starfsmanna (t.d. upphafsstafir eða önnur stuttnefni skv. notendaskrá) í stað notendanafna áður.

ac#32257,tt#45200

- Eyðublað - Læknisvottorð vegna læknismeðferðar erlendis (#335)

„Læknisvottorð vegna læknismeðferðar erlendis“ (áður „Læknisvottorð vegna vistunar sjúklings erlendis“) hefur verið uppfært. Heiti þess í lista yfir eyðublöð hefur einnig breyst úr „TR-V vistun sjúklings erlendis“ í „TR-V læknismeðferð erlendis“.

ac#32308,tt#45213,tt#46325

- Eyðublað - Símtal/tölvupóstur (#437)

Búið hefur verið til nýtt eyðublað sem heitir „Símtal/tölvupóstur“. Er það alveg eins og Belgur (#1).

ac#32360,tt#45274,tt#45277

- Eftirfarandi nýjungar / breytingar eru sérstaklega unnar fyrir Stoðkerfi ehf.

- Eyðublað - (sp) Aðgerðarlýsing (#435)

Ný aðgerðarlýsing var búin til með auknum flokkunarmöguleikum fyrir aðgerðir. Sú flokkunarvirkni var fyrst og fremst hugsuð til aukinna úrvinnslumöguleika.

- Eyðublað - (sp) Samskiptaseðill (#436)

Nýr einfaldur samskiptaseðill var búinn til með möguleika á að skrá mörg tilefni, margar greiningar og margar úrlausnir. Þetta er þó sett í útgáfuna með þeim fyrirvara að vandaliðun ræður ekki við margar



greiningar að svo stöddu. Það verður tekið á því síðar.

Afgreiðsla

Hægt er að skrá tilvísandi aðila annaðhvort við tímabókun eða komu. Hægt er að stýra því hvað þessi listi inniheldur en hann er svo yfirflokkaður í samræmi við tilmæli Landlæknisembættisins um lágmarksskráningu samskipta.

Skýrslur

Nokkrar nýjar skýrslur voru unnar sérstaklega í samræmi við þarfir Stoðkerfa ehf. Annars vegar upp úr nýju aðgerðarlýsingunni þeirra og hins vegar í samræmi við sértækar skráningar í Afgreiðslu.

Þessar nýju skýrslur heita:

"Stoðkerfi - afgreiðsla: Viðtöl og endurkomur"

"Stoðkerfi - afgreiðsla: Viðtöl og endurkomur eftir læknum"

"Stoðkerfi - afgreiðsla: Tilvísanir tengdar viðtölum eftir læknum"

"Stoðkerfi - aðgerðir: Tengsl yfiraðgerða og aðgerða"

"Stoðkerfi - aðgerðir: Tengsl yfiraðgerða og aðgerða eftir læknum"

"Stoðkerfi - aðgerðir: Tengsl yfiraðgerða og greininga"

"Stoðkerfi - aðgerðir: Tengsl yfiraðgerða og greininga eftir læknum"

tt#45529,tt#45530,tt#45531,tt#45532,tt#45533,tt#45534,tt#45535,tt#45536,tt#45537,tt#45538,tt#45539,tt#45540,tt#45648,tt#45649,tt#45662,tt#45663,tt#45917

● Eyðublöð

Þegar skoðuð er eydd úr Ung- og smábarnavernd, þá kemur textasýn um að skoðun hafi verið eytt og ekki hægt að smella á tengil þar til að opna Ung- og smábarnaverndar einingu.

tt#45407

● Eyðublað

Nú er hægt að senda beiðni um ráðgjöf á deildir (í stað ákveðinna starfsmanna eins og áður var, þó það sé ennþá hægt), og í Vinnulistanum geta starfsmenn fylgst með beiðnum á þeirra deildir.

ac#32716,tt#45543

● Eyðublað - Beiðni um meðferð/rannsókn

Fyrirsögninni á reitnum deild í kaflanum Meðferðir/Rannsóknir hefur verið breitt í Deild viðtakanda

ac#32740,tt#45575

● Eyðublað - Umsókn um styrk til kaupa á hjálpartæki #342

Heimilisfangi Hjálpartækjamiðstöðvar Sjúkratrygginga Íslands hefur verið uppfært.

ac#32902,tt#45657,tt#45658

● Eyðublöð

Í Sjúkraskrá #15 er nú reiturinn „Innlagnardagur“ sjálfkrafa settur á upphafstíma lotu, ef eyðublaðið sem verið er að stofna tilheyrir lotu.

ac#32333,tt#45720

● Eyðublöð - Lyfseðlar (#187 og #292)

Nú er ekki lengur hægt að senda lyfseðil rafrænt sem inniheldur engar notkunarleiðbeiningar.

tt#45727,tt#45734

● Eyðublöð - Lyfseðlar (EB187 og EB292)

Ekki er lengur hægt að senda lyfseðla rafrænt sem eru með útrunninn gildistíma.

Ef gildistími lyfseðils byrjar í fortíðinni þarf notandi að staðfesta að hann vilji senda hann með þeim gildistíma.

tt#45735,tt#45739

- Eyðublöð - Lyfseðlar (EB187 og EB292)

Ekki er lengur hægt að staðfesta eða senda rafrænt lyfseðla með lyfjum sem eru afskráð samkvæmt lyfjaverðskrá.

tt#45736,tt#45748

- Eyðublöð - Lyfseðlar (#187 og #292) - Fjöldi daga milli afgreiðslna fjölnota lyfseðla.

Nú verður notandi alltaf að gefa upp fjölda daga sem á að líða milli afgreiðslna á fjölnota lyfseðlum.

tt#45741,tt#45758

- Lyfseðlar - Ending fjölnota lyfseðla (EB187 og EB292)

Nú er notandinn látinn vita ef gildistími fjölnota lyfseðla er styttri en tíminn sem tekur að nota allar afgreiðslur fjölnota seðils.

tt#45742,tt#45752

- Eyðublað - Ráðgjöf (#164)

Þegar eyðublaði Beiði um álit/ráðgjöf (#45) er svarað með þar til gerðum svara-hnappi, þá er búið til svarblað (#164). Nú er dagsetning beiðnar miðuð við undirskriftardagsetningu í staðinn fyrir staðfestingardagsetningu blaðs.

ac#33040,tt#45790,tt#45791

- Eyðublöð - Staðfesting rafrænna lyfseðla (EB187 og EB292)

Nú er notandi látinn vita að lyfseðill hafi ekki verið sendur í Lyfseðlagátt ef hann reynir að staðfesta rafrænan lyfseðil sem hefur ekki verið sendur.

tt#45794,tt#45836

- Eyðublöð

Þegar afritað er frá Sjúkraskrá #15 inn á Aðgerðalýsingu #11 (stillt með stilligildi #1022) er afritunin nú einskorðuð við samskipti, þ.e. einungis er afritað af sjúkraskrá sem er í sömu samskiptum og aðgerðarlýsingin sem verið er að stofna.

ac#33189,tt#45887,tt#45888

- Eyðublað - Almennt læknabréf (#64)

Nú er hægt að afrita af (sp) Samskiptaseðli (#436) inn á Almennt læknabréf (#64).

tt#45918,tt#45921

- Eyðublöð - Bráðasjúkraskrá #6, TR-V endurhæfing #71 og TR-V Umsókn um örorkubætur #390

Textasvæði hafa verið stækkuð og einnig hefur verið bætt við textasýn fyrir TR-V endurhæfing #71 og TR-V Umsókn um örorkubætur #390

ac#33261,tt#45926

- Eyðublöð - Beiðni um ráðgjöf (EB45)

Þegar Viðtakandi er valinn í Beiðni um ráðgjöf birtist nú starfsheiti (starfslýsing) viðkomandi í staðinn fyrir starfsstétt eins og var áður.

ac#33360,tt#45978,tt#45979

- Eyðublað - Lyfseðill (eb187)

Villa löguð með að sjálfgefið apótek kom ekki inn á lyfseðil.

tt#46037,tt#46041

- Eyðublöð



Þónokkrar textabreytingar hafa verið gerðar á eyðublaði „Endurlífgunarskýrsla“; reitir teknir út (Póstnúmer. Svæði o.fl.): nýjum reitum bætt við (Hjartarafskjár, Barkaþræðing o.fl.) og útprentun yfirfarin.

ac#33774,tt#46302

● Eyðublöð - Lyfseðlar (EB187 og EB292)

Kerfið gefur ekki lengur viðvörðun um að gildistími lyfseðils sé of stuttur nema gildir frá tíminn sé meira en viku aftur í tímann.

ac#33923,tt#46440,tt#46611

● Eyðublað - #9 (or) Innlagnarbeiðni

Nú er hægt að velja úr bæði staðsetningar- og kjarnadeildum fyrir biðlistadeild.

tt#46448,tt#46449

● Eyðublöð Grunnvottorð vegna krabbameins (#400)

Haki hefur verið bætt fyrir framan textann "Sérstök ráðgjöf hjá TR - tilraunaverkefni". Tengillinn á heimasíðu Sjúkratrygginga var breytt úr www.sjukratryggingar.is í www.sjukra.is á öllum eyðublöðum.

ac#34237,tt#46682

● Eyðublað - TR-V umsókn um augnaðgerð með excimer leysitækni (#440)

Nýju eyðublaði var bætt við fyrir Sjúkratryggingar Íslands, „TR-V umsókn um augnaðgerð með excimer leysitækni“.

ac#32898,tt#46746

● Eyðublöð

Búið er að breyta Endurlífgunarskýrslu þannig að ekki er lengur hægt að slá inn ólögleg gildi (t.d. mínútur fleiri en 59) í svæðin „Barkaþræðing“ og „Heildartímalengd endurlífgunartilrauna“

ac#34463,tt#46836

● Eyðublöð - Beiðni um myndgreiningu (Orkuhúsið)

Læknanúmer notandans kemur núna á blaðið þegar það er búið til.

ac#34546,tt#46921

● Eyðublað - Beiðni um ráðgjöf #45

Textanum „Viðtakandi beiðni (læknir, sérgrein)“ var breytt í „Viðtakandi beiðni“

ac#34547,tt#46922

● Biðlisti

Stillingildi 140 gerir nú kleift að stýra því hvort að notendur geti sjálfir slegið inn biðlistadeild (í þeim eyðublöðum sem styðja biðlistadeildir) eða hvort innskráningardeild notanda sé notuð sem biðlistadeild (og innsláttur óheimill).

ac#34607,tt#46962

● Eyðublöð - Ómskoðun

Í haus útprentunar kemur nú nafn deildar og stofnunar

ac#34606,tt#46967,tt#46968

● Eyðublað - TR-V umönnunarbætur (#359)

Línu fyrir skýringu bætt við fyrir hverja sjúkdómsgreiningu.

ac#34872,tt#47182



- Eyðulöð - Beiðni um myndgreiningu (Orkuhúsið) - EB 381

Reitirnir "Sjúklingur ferðast", "Rannsókn" og "Staðsetning sjúklings" í kaflanum "Aðrar upplýsingar" eru nú sjálfkrafa ekki með neitt valið þegar nýtt eyðublað er búið til.

ac#34861,tt#47189

- Eyðublað - Slysadeildarbréf #3 (í tengslum við rafræn læknaþrá)

Bætt hefur verið köflunum Sjúkdómsgreiningar, Meðferð, Einkenni, Lyf við komu og Gefin lyf sem sýna þau kóðuðu gögn sem afrituð hafa verið frá Bráðasjúkraskrá (#6).

tt#47198

- Eyðublað - (or) Göngudeildarnóta (#58)

Lýsingar fyrir „Meðferð" og „Greiningar", nafni læknis og dagsetning nóttunnar bætt við í útprentun.

ac#34279,tt#47203

- Eyðublöð - Samskiptaseðill (EB193) - Flýtitextar - Margar greiningar

Nú er hægt að setja margar greiningar á Samskiptaseðil - Flýtitextar og vandaliða þær við úrlausnir eins og á venjulegum samskiptaseðli (EB36)

ac#34929,ac#35311,tt#47245,tt#47458

- Eyðublöð - Lyfseðlar (EB187 og EB292)

Nú ætti ekki lengur að vera hægt að velja apótek sem viðtakanda lyfseðils og senda hann svo óvart á kennitölu sjúklings.

ac#35147,tt#47375

- Eyðublöð - Samskiptaseðill (EB36)

Nú ætti ekki lengur að koma villa við ákveðnar aðstæður þegar verið er að eyða greiningu af samskiptaseðli.

ac#35313,tt#47469,tt#47470

- Eyðublað - Lyfseðill (#187) / Lyfseðill læknavaktar (#292)

Lyfseðill reiknar nú út endingartíma ef tíðni er skráð „vesp." (að kvöldi) eða „f. svefn". Hann er þá reiknaður út eins og „á dag".

ac#8393,tt#44206,tt#47475

- Eyðublöð - Beiðni um blóðrannsókn (#221)

Aðsetur undirritaðs starfsmanns við útprentun er nú alltaf sótt út frá upprunaupplýsingum beiðninnar, en ekki stofnun þess notanda sem skráður er inn þegar beiðnin er prentuð.

ac#35429,tt#47603,tt#47604

- Eyðublöð

Nýju blaði "Tilvísun til þroska- og hegðunarstöðvar" #441 hefur verið bætt við.

ac#34823,tt#47191,tt#47760

- Eyðublöð - Rafrænar fæðingartilkynningar

Núna sést rafræn slóð fyrir sendingar á fæðingartilkynningum í eyðublaðaeiningunni. Birtist í gulum borða fyrir ofan eyðublaðið.

tt#47749,tt#47785

- Eyðublað - Umsókn um styrk - kaup á næringarefni/sérþæði (#338)

Leiðrétting á heimilisfangi fyrir Sjúkratryggingar Íslands á eyðublaði.

ac#35862,tt#47972,tt#47973

- Eyðublöð - Bráðasjúkraskrá (EB6)

Nú yfirskrifar afritun af Nomesko blaði það sem stendur í Sögu kaflanum á bráðasjúkraskrá.

ac#35968,tt#48065,tt#48066

- Eyðublað - Samskiptaseðill v/ sykursýki (#399)

HbA1c gildi sem skráð voru í kaflann „Sykursýki - greining og flokkun“ og áttu í hlut við greiningu einstaklingsins komu í mælingaglugga í stað mælinga sem fram fóru í viðkomandi heimsókn og skráð voru í kaflann „Áhættumat - hjarta- og æðasjúkdómar“. Sama gildi um mælingar á tilfallandi blóðsykri. Þetta hefur nú verið skýrt aðskilið svo mælingaglugginn birtir eingöngu gildin úr áhættumatskaflanum. Gildin í greiningarkaflanum hafa verið auðkennd sem "upphafsmælingar" þar sem þau afritast alltaf milli heimsókna og eru því ekki núgildandi mælingar nema í fyrsta sinn. Þegar Textasýn er skoðuð kemur þetta glögg fram.

ac#36005,tt#48120,tt#48122

- Eyðublöð

Þegar smelt er á „Afrita“ hnappinn í Læknabréfi #12 kemur nú upp valgluggi þar sem notandi getur valið um að afrita fyrir framan eða aftan eldri textann eða þá að yfirskrifa hann alveg.

ac#36035,tt#48137,tt#48138

- Eyðublöð

Þegar greiningar eru afritaðar inn á Læknabréf #12 er fyrst reynt að afrita greiningar frá Útskriftarnótu (upprunadeild skiptir ekki máli). Ef hún finnst þá eru ekki afritaðar greiningar frá fleiri stöðum, en annars eru afritaðar greiningar frá Aðgerðalýsingum (fyrst frá Aðgerðalýsingum með sömu upprunadeild og Læknabréfið, síðan öðrum Aðgerðalýsingum).

ac#36050,tt#48152,tt#48180

- Eyðublöð: Göngudeildarnóta (#58)

Við útprentun þarf notandi nú að velja þá viðtakendur sem skulu fá eyðublaðið útprintað. Þetta er gert því hægt að senda viðtakendum læknabréfið rafrænt.

ac#36022,tt#48139,tt#48193

- Eyðublöð

Ef í útprentun á Læknabréfi #3 eða #12 birtast tvær undirskriftir (t.d. deildarlæknir og sérfræðingur) og eyðublaðið hefur verið rafrænt undirritað, þá birtist textinn „Rafræn undirskrift“ nú við þann aðila sem raunverulega undirritaði eyðublaðið.

ac#36084,tt#48192,tt#48209

- Eyðublað - Klínískt rannsóknarsvar (#411)

Bætt var við stilligildi nr. 2065 sem stýrir hvaða upplýsingar prentast í haus sérútprentunar fyrir Klínískt rannsóknarsvar (#411). Ef gildið er óvirkt þá prentast nafn innskráningardeildar efst til hægri eins og áður, en ef gildið er virkt þá prentast einnig form samskiptanna sem blaðið tilheyrir fyrir neðan nafn innskráningardeildar.

ac#36037,tt#48147,tt#48228

- Eyðublöð - Klínískt rannsóknarsvar (#411)

Nú kemur sama melding og kemur í Áliti sérfræðings - svarblað (#164) þegar reynt er að staðfesta án þess að tengja svarið við beiðni sem er Beiðni um meðferð/rannsókn (#377) í Klínísku rannsóknarsvari: "Svar er ekki tengt neinni beiðni. Enginn póstur verður sendur"

ac#36036,tt#48166,tt#48244

- Lyfjakort - Lyfjaendurnýjun

Ef mörg lyf eru endurnýjuð í einu en eru með sitt hvora greininguna að þá stofnast aðeins einn samskiptaseðill með mörgum greiningum.



ac#36147,ac#36378,tt#48301,tt#48302

- Eyðublöð - Lyfseðlar (EB187 og EB292)

Nú kemur línan 'Lyfseðill sendur rafrænt' í ferilsögu lyfseðla sem hafa verið sendir rafrænt.

ac#36389,tt#48436,tt#48437

- Eyðublað / Vinnulisti

Breytingar hafa verið gerðar á gagnavistun í beiðnapottinum (eyðublöð #45 og #164 ásamt virkni í flípanum „Beiðnir“ í Vinnulista): í stað þess að nota CREATE_DATE úr S_SHEET_MASTER sem dagsetningarsvæði, og NUMBER_4 í sömu töflu til að geyma númer deildar sem beiðni var send á, eru nú notuð svæðin SIGN_DATE og NUMBER_10 til þess að auðveldara sé að lykla fyrirspurnir.

Öll ytri virkni sem snýr að notendum er óbreytt.

ac#36608,tt#48613,tt#48626

- Eyðublað - #441 Tilvísun til þroska- og hegðunarstöðvar

Tveimur afritunarhnöppum hefur verið bætt við til að afrita í textasvæðið "Um hvað er beðið?". Annar hnappurinn afritar af nýjasta Samskiptaseðli og hinn afritar athugasemdir af nýjstu skoðun sem skráð er í Ung- og smábarnavernd.

ac#37871,tt#49525,tt#49526

- Eyðublað - Bráðamóttökuskrá (#418)

Nú er hægt að senda Bráðamóttökuskrá rafrænt með Heklu. Einnig hefur hnappi verið bætt við til að segja til um hve margar útprentaðar síður nótan tekur.

tt#49247,tt#49248,tt#49657

- Eyðublað - Beiðni um ráðgjöf (#45)

Nú er aðeins hægt að velja úr viðtakendum sem hafa aðgang að Eyðublaðaeiningunni.

ac#38007,tt#49644,tt#49969

- Eyðublöð - afritun

Villa sem kom upp þegar blað var afritað milli samskipta hefur verið löguð.

ac#38748,tt#50192,tt#50242

Eyðublöð (gaSheetModule)

- Aðgangsstýringar

Ný aðgerð, endurlesa aðgangsréttindi, er nú aðgengileg í flýtilista fyrir einstaklinga í eftirfarandi einingum: Eyðublöð, Forsíða sjúklings og Textasýn.

Aðgerðin er staðsett fyrir ofan aðgerðina að biðja um aukinn aðgang fyrir einstakling. Það er háð uppsetningu á aðgangsstýringum við hvaða tilfelli notandi hefur aðgang að sjúkragögnum einstaklings. Eftir að notandi hefur valið einstakling geta forsendur fyrir aðgangsstýringum breyst. T.d. gæti einstaklingur verið lagður inn á þá deild sem notandi er skráður inn á. Það hefði í för með sér að meðferðartengsl mynduðust milli notanda og einstaklings. Sumar stillingar aðgangsstýringa byggja einmitt á slíkum tengslum.

tt#44430

- Eyðublöð, Ung- og smábarnavernd, Hraðskráning

Nú er hægt að stilla hvort sniðmát samskipta raðast í stafrófsröð eða eftir þeirri röð sem skilgreind er í mínum stillingum. Sé valið að raða eftir þeirri röð sem skilgreind er í mínum stillingum þá raðast sniðmát samskipta fyrir notanda á undan sniðmátum samskipta fyrir deild. Stillingildi 137 ákvarðar hvort sniðmát samskipta raðast í stafrófsröð.

tt#44481,tt#44841

- Eyðublöð - Senda blað



Bætt hefur við fyrirsögn fyrir ofan fellilista fyrir deildir.

tt#44520

● Eyðublöð: Læknabréf (#186) og (or) læknabréf (#12)

Við útprentun þarf notandi nú að velja þá viðtakendur sem skulu fá eyðublaðið útprentað. Þetta er gert því hægt að senda viðtakendum læknabréfið rafrænt.

ac#31707,tt#44753

● Eyðublöð

Lagfæring á villu sem lýsti sér í því að í ákveðnum tilfellum var lesin röng staða á tegund eyðublaðs. Þetta gat komið í veg fyrir að búa til nýtt eyðublað af tilteknum gerðum. Komu þá upp skilaboð um að tegund eyðublaðs væri úrelt. Einkum hafði þetta áhrif á eyðublaðið Belg

ac#31738,tt#44830,tt#44831

● Eyðublað - Niðurstöður rannsókna II (textasvar)

Afritun á blaðið hefur verið löguð.

ac#31949,tt#44961,tt#44965

● Eyðublöð

Lagfærð villa sem sýndi ranglega síðustu stafi kennitölu einstaklings í viðmóti fyrir viðhengi í samskiptum.

tt#45045,tt#45049

● Eyðublöð - Textasýn fyrir skoðun í ung- og smábarnavernd.

Lagfærð villa sem orsakaði að undir ákveðnum skilyrðum sýndi yfirlit fyrir skoðun í ung- og smábarnavernd ranga stöðu brjóstagjafar.

ac#32180,tt#45093,tt#45094

● Eyðublöð

Nú er hægt að staðfesta samskipti þó þau innihaldi kerfiseyðublöð á borð við viðhengisblöð.

ac#32191,tt#45117,tt#45118

● Eyðublöð

Í valmynd fyrir eyðublöð hefur bæst við aðgerðin "Flytja blað í ný samskipti", sem opnar glugga þar sem notandi getur valið ný samskipti fyrir eyðublaðið sem hann er með valið. Athugið að eyðublaðið er ekki gert óvirkt og stofnað nýtt, heldur er blaðið einfaldlega flutt yfir í ný samskipti án þess að neinar aðrar breytingar séu gerðar á því.

ac#32265,tt#45190

● ADT/Eyðublöð

Þegar meðferðarlotu ferlisjúklings er lokið er borin saman síðasta útskriftardagsetning í Afgreiðslu og síðasta koma í ADT og stungið er upp á nýjustu dagsetningunni.

ac#32355,tt#45307,tt#45943

● Eyðublöð

Búið hefur verið til nýtt stilligildi (138) sem virkjar val á þjónustuflokk þegar lotur eru sýndar í eyðublaðaeiningunni.

tt#45387,tt#45389

● Innanhúspóstur - Eyðublöð

Þegar eyðublað er valið í eyðublaðaeiningu og það sent sem viðhengi með innanhúspósti Sögu á starfsmann á annari deild en blaðið var búið til á, þá fær deild móttakandans réttindi til að lesa blaðið.



- Eyðublöð

Þegar valin er lota þá sést nú, í upplýsingasvæði hægra megin á skjánum, tímabil lotunnar og staðsetningardeild, til viðbótar við upplýsingar sem voru þar fyrir.

ac#32663,tt#45484

- Eyðublöð

Ef ADT er virkt á deild (stilligildi 91) þá stjórnar stilligildi 138 einnig því hvort samskiptanóðan í eyðublaðatrénu sé sýnd opin eða lokuð. Sé stilligildi 138 virkt þá er samskiptanóðan opnuð sjálfkrafa. Annars hagar kerfið sér á óbreyttan hátt, þ.e.a.s. eyðublaðanóðan er sýnd lokuð.

tt#45590,tt#45591

- Eyðublöð

Þjónustuflokkur lotu sést nú í fellilistanum yfir lotur sem birtist þegar verið er að flytja samskipti á milli lota.

tt#45680,tt#45681

- Eyðublöð

Endurbætt virkni þegar eyðublöð eru opnuð og þegar ýtt er á F8 (útfylling blaða) í afgreiðslu. Ný stilling á innskráningardeildum, í kerfisumsjón er nú hægt er að merkja deild sem heilsugæsludeild. Þessi merking kemur í stað stilligildis 139 (Deild er heilsugæsludeild) sem búin var til í útgáfu 3.1.33. Sú stilling (ásamt stilligildi 91 - Sýna lotur í eyðublöðum) hefur áhrif á það hvernig eyðublaðaeining er frumstillt þegar hún er opnuð.

Þegar eyðublöð eru opnuð á venjulegan hátt (eða skipt um sjúkling í eyðublöðum) er virknin svona, háð stillingum á þeirri deild sem notandi er skráður inn á:

a) ADT deild (sjúkrahús). Stilligildi 91 er virkt. Ekki heilsugæsludeild:

1. Finna nýjustu samskipti í nýjustu opnu legu á skráningardeild ef ekki eru til samskipti þá opnast á legunni sjálfri.
 2. Annars finna nýjustu komu í nýjasta opna ferli sjúklings á skráningardeild
 3. Annars finna nýjustu samskipti í nýjustu opnu legu á einhverri deild ef ekki eru til samskipti þá opnast á legunni sjálfri.
 4. Annars finna nýjustu komu í nýjasta opna ferli sjúklings á einhverri deild
 5. Annars finna nýjustu samskipti í nýjustu lokaða legu á skráningardeild
 6. Annars finna nýjustu komu í nýjasta lokaða ferli sjúklings á skráningardeild
 7. Annars finna nýjustu samskipti í nýjustu lokaða legu á einhverri deild
 8. Annars finna nýjustu komu í nýjasta lokaða ferli sjúklings á einhverri deild
 9. Ef ekkert finnst skal birta sjúklingaupplýsingar.
- Athuga að opin lota er skilgreind hér sem ófrágengin lota.

b) Heilsugæsludeild sem sýnir lotur. Stilligildi 91 er virkt. Heilsugæsludeild.

1. Birta sjúklingaupplýsingar

c) Heilsugæsludeild þar sem lotuskráning er ekki sýnd. Stilligildi 91 er óvirkt. Gildir fyrir allar deildir, óháð því hvort þær séu merktar sem heilsugæsludeild.

1. Birta sjúklingaupplýsingar

Þegar eyðublöð eru opnuð með F8 í afgreiðslu og til er sniðmát fyrir form tímabókunar þannig að samskipti eru stofnuð sjálfvirkt og einhver eyðublöð búin til, þá skiptir einnig máli hvort form tímabókunar er lotutengt eða ekki.

a) ADT deild (sjúkrahús). Stilligildi 91 er virkt. Deild ekki heilsugæsludeild:

a.1) Form tímabókun er lotutengt

1. Samskipti búin til undir ferli skv. Tímabókun

a.2) Form tímabókunar er ekki lotutengt

1. Samskipti búin til undir nýjustu komu sem tilheyrir einhverju opnu ferli

b) Heilsugæsludeild sem sýnir lotur. Stilligildi 91 er virkt. Deild merkt sem heilsugæsludeild.

b.1) Form tímabókun er lotutengt

1. Samskipti búin til undir ferli skv. tímabókun

b.2) Form tímabókunar er ekki lotutengt



1. Samskipti eru búin til undir almennu samskiptanóðunni
- c) Heilsugæsludeild þar sem lotuskráning er ekki sýnd. Stilligildi 91 er óvirkt. Gildir fyrir allar deildir, óháð því hvort þær séu merktar sem heilsugæsludeild.
 - c.1) Form tímabókun er lotutengt
 1. Samskipti eru búin til undir almennu samskiptanóðunni
 - c.2) Form tímabókunar er ekki lotutengt
 1. Samskipti eru búin til undir almennu samskiptanóðunni

Stilligildi 129 hefur verið fjarlægð

ac#33340,tt#45966

● Legur / Eyðublöð

Villuskilaboðin „Ábyrgur læknir legusjúklings skal vera skráður læknir“ koma ekki lengur ef breytt er um ábyrgan lækni hjá ferlisjúklingi á legudeild, og valinn starfsmaður er ekki með skráð læknanúmer. Læknaskyldan er nú einungis virk í legulotum.

ac#33318,tt#45991

● Eyðublöð

Með því að virkja nýtt stilligildi 1158, eru samskipti í eyðublaðayfirlitstré flokkuð eftir staðsetningu samskipta. Sé gildið sett sem 1, þá eru allar staðsetningar sprengdar út þegar Eyðublaðaeining er opnuð, annars eru þær lokaðar. Athuga þó að stilligildi 138 þarf einnig að vera virkt til að staðsetningarnóður séu sprengdar út.

tt#46152

● Eyðublöð

Eigi sjúklingur opna legu, þá er er nóðan fyrir leguna í yfirlitstrénu sjálfkrafa sprengd út og samskipti undir þeirri lotu gerð sýnileg.

ac#33693,tt#46258,tt#46259

● Eyðublöð

Stilligildi 141 stýrir því hvort aðgerðir til að Samþykkja komur & lotur séu sýnilegar í Eyðublöðum. Valmynd sem upp kemur þegar hægri-smellir er á tréð sýnir nú einungis þær aðgerðir sem eru virkar hverju sinni en felur þær óvirku, sem einfaldar og styttir valmyndina til muna. Litakóðum á lotum í trénu hefur verið breytt: nýjar lotur (opnar og ófrágengnar) eru rauðar; lokaðar lotur (sjúklingur útskrifaður) eru blágráar og loks eru frágengnar lotur sýndar gráar. Með því að hægri-smella á yfir-nóðuna „Lotur“ í trénu er hægt að fela frágengnar lotur eða þá sýna allar, burtséð frá stöðu.

ac#34216,tt#46648

● Eyðublöð

Ef legulota er valin í trénu í Eyðublöðum, þá birtast nú hægra megin (til viðbótar við töflu yfir greiningar og meðferðir, sem var þar áður) hnappar sem birta allar legur og deildir sem tilheyra viðkomandi vist, líkt og sést í Legum.

ac#34725,tt#47064

● Eyðublöð

Villuskilaboð sem birtast ef notandi reynir að skrá dagsetningu of langt fram eða aftur í tímann hafa verið yfirfarin og eru nú meira lýsandi.

ac#34670,tt#47094

● Eyðublöð - Afritunarhnappur fyrir lyfjakort (#12, #13, #58)

Nú er hægt að afrita lyfjakort yfir á eyðublöðin:
(or) útskriftarnóta (eybl. nr. 13)
(or) læknabréf (eybl. nr. 12)
(or) Göngudeildarnóta (eybl.nr. 58)



- Eyðublöð

Valmöguleikinn "Hefja ný samskipti" þegar hægri smellt er á atriði í samskiptatrénu hefur verið tekin út á þeim stöðum sem hann á ekki við.

Nú er aðeins er hægt að hefja ný samskipti á ferli og lotum og samskiptum neðst í trénu.

ac#35892,tt#47986,tt#47988

- Eyðublöð

Afritun inn á Læknabréf #12 hefur verið fínstillt til þannig að upprunadeild hefur í vissum tilfellum áhrif þegar sjúkdómsgreiningar og aðgerðir eru afritaðar af Útskriftarnótum og Aðgerðalýsingum:

- Fyrst er afritað af Útskriftarnótu (upprunadeild skiptir ekki máli)
- Næst er afritað af Aðgerðalýsingum á sömu upprunadeild og Læknabréfið
- Loks er afritað af öðrum Aðgerðalýsingum

tt#48176,tt#48177

- Eyðublöð

Ef stilligildi #1158 („Flokka samskipti eftir staðsetningum“) er virkt þá er búin til ein nóða í trénu fyrir hverja deild sem á samskipti: deildir án samskipta birtast m.ö.o. ekki lengur í trénu. Til að skrá samskipti á deild sem er ekki sýnileg í trénu er hægt að hægismella á „Samskipti“, velja „Hefja ný samskipti“ og velja deildina í glugganum sem þá kemur upp.

tt#48417,tt#48418

- Eyðublöð - Vandaliðun

Nú er hægt að smella á tékkbox táknið lengst til vinstri í hverjum greiningardálki í vandaliðunarglugganum og þá hakast við alla reiti í þeim dálki, ef ekki er hakað við einhverja reiti, en afhakast ef hakað er við alla reiti.

Einnig er hægt að velja svæði með því að halda vinstri músarhnappi niðri og draga með músinni og þá hakast við alla reiti sem eru merktir þegar músarhnappinum er sleppt.

ac#36501,tt#48543,tt#48544

- Eyðublöð

Ef farið er úr Eyðublöðum yfir í aðra einingu án þess að loka Eyðublaðaeiningunni sjálfri, þá man einingin hvaða sjúklingur var valinn og hvar tréð var opið. Ef Eyðublaðaeiningin er síðan gerð virk aftur, og kerfissjúklingnum hefur ekki verið breytt, þá er tréð ekki endurbyggt (sem getur orsakað að það opnast á öðrum stað) heldur opnast það á sama stað og það var þegar farið var út úr einingunni.

ac#36528,tt#48564,tt#48565

- Eyðublöð

Ef notandi er skráður á heilsugæsludeild og stilligildi #146 er virkt fyrir deildina þá opnast tréð í Eyðublöðum á persónuupplýsingum sjúklings. Ef stilligildi #146 er ekki virkt þá opnast tréð á samskiptanóðunni.

Þessi virkni á einungis við um heilsugæsludeildir og er víkjandi ef aðrar einingar senda fyrirmæli um að opna tréð á ákveðnum stöðum (t.d. ef Afgreiðslan sendir upplýsingar um sniðmát með F8 hnapp): slík fyrirmæli hafa alltaf forgang.

ac#36836,tt#48857,tt#48858

- Eyðublöð - Göngudeildarnóta (#58)

Undirskrift starfsmanns kemur ekki lengur tvisvar í undirskrift við vissar aðstæður.

ac#37110,tt#48987

- Eyðublöð - Hvar hægt er að stofna samskipti í eyðublaðatrénu á heilsugæsludeildum

Ef stilligildi 146 er virkt er hægt að stofna samskipti með því að hægismella á nafn sjúklings efst í trénu og



velja Hefja ný samskipti.

ac#37139,tt#49022,tt#49023

- Eyðublöð - Þjónustuflokkar opnir eða lokaðir í tré

Ef stilligildi 152 er virkt þá opnast eyðublaðatréd með þjónustuflokkana lokaða, annars opna.

ac#37259,tt#49178,tt#49179

- Eyðublöð - Eyðublaðatré - Fela heiti lotu, staðsetningardeildar og kjarnadeildar

Hægri smells aðgerðir til að fela heiti lotu, staðsetningardeildar og kjarnadeildar ættu ekki lengur að hverfa ef notandi hefur hægri smellt á aðrar tegundir lína en lotur í trénu.

ac#37373,tt#49219,tt#49228

- Eyðublöð - rafræn undirskrift

Nú er hægt að undirrita og samþykkja blað beint í eyðublaðaeiningunni. Forskilyrði eru að innskráður notandi sé læknir. Blaðið staðfestist við aðgerðina.

ac#37315,tt#49185,tt#49301

- Eyðublöð

Villuskilaboð hafa verið fjarlægð sem komu þegar stilligildi 152 var virkt og hætt við að fá aukinn aðgang að gögnum sjúklings.

tt#49418,tt#49419

Fjölskyldutré og Tengslakort

- Fjölskyldu og tengslakort

Nafn og kennitala sjúklings kemur í haus nú í staðin fyrir textann "Fjölskyldu og tengslakort".

Eftir að búin hefur verið til tengslalína, verður verkfærið "breyta" aftur valið svo hægt sé að setja inn nýja mynd eða færa til myndina.

tt#46414

- Fjölskyldutré

Teiknivilla löguð þegar einstalingur var merktur látinn og nafnið var mjög langt.

Nú tegist betur á hlutunum og allar línur fyllgja með.

ac#34566,tt#46944

Forsíða (gaCoverTool)

- Forsíða

Í fjölskylduglugganum er nú sýndur textinn "MORS" í stað aldurs einstaklinga séu þeir látnir.

ac#34153,tt#46580

- Forsíða - Fjölskylda

Villa sem gerði það að verkum að í ákveðnum tilfellum voru fjölskyldumeðlimir einstaklings ranglega merktir látnir hefur nú verið löguð.

ac#36423,tt#48484,tt#48485

Forsíða sjúklings (gaPatientCover)

- Forsíða sjúklings - Aðstandendur

Nú birtist textinn „(látinn)´´, „(látin)´´ eða „(látin/n)´´ á þá aðstandendur sem skráðir eru látnir samkvæmt þjóðskrá og skilgreiningu á kyni.

Athugið að einstaklingar sem ekki eru skráðir með kennitölu fá ekki þennan texta.

ac#23821,tt#43799



- Forsíða sjúklings

Ef greiningu er breytt í langtímagreiningu þá verður greiningin nú að Heilsuvanda en ekki Undirgreiningu á Heilsuvandablaðinu.

tt#47258

- Forsíða sjúklings - Lífsmörk

Löguð var villa sem lýsti sér þannig að hitastig birtist stundum með of mörgum aukastöfum. Nú hefur verið tryggt að hitastig birtist ávallt með einungis einum aukastaf.

tt#48404

gaAttachments

- Viðhengi - Opin samskipti

Samskipti sem höfðu áður verið opnuð í viðhengjum lokast nú áður en ný samskipti eru opnuð með F7 úr eyðublöðum.

tt#44941

- Eyðublöð og viðhengi - Samskipti í viðhengjaeiningu opnuð með F7

Nú opnast alltaf rétt samskipti í viðhengjum eftir að viðhengjaeiningin hefur verið opnuð með F7 flýtleiðinni úr eyðublaðaeiningunni.

tt#44942,tt#44943

- Viðhengi - Valinn flipi

Nú opnast viðhengjaeiningin með þann flipa sýnilegan sem var valinn þegar einingunni var lokað seinast.

tt#45209,tt#45225

- Viðhengi - Viðhengi bætt við

Nú er hægt að breyta upplýsingum um nýtt viðhengi án þess að velja það fyrst í samskiptalistanum.

tt#45226

- Viðhengi - Samskipti

Nú er hægt að velja hvaða dálkar eru sýnilegir í Samskipti töflunni auk þess sem hægt er að flokka eftir dálkum.

tt#45311,tt#45622

- Viðhengi - Finna samskipti fyrir viðhengi

Nú er hægt að hægri smella á viðhengi í Viðhengi flípanum og velja Finna samskipti eða velja viðhengi og ýta á CTRL+F og þá opnast viðeigandi samskipti í Samskipti flípanum.

Einnig er hægt að ýta á F7 (eða hægri smella og velja Opna eyðublaðaeiningu) og þá opnast eyðublaðaeiningin og viðeigandi samskipti.

ac#32379,tt#45317,tt#45318

- Viðhengi - Sjálfkrafa sía (bréfaklemma) þegar F7 er notað

Sía fyrir tóm samskipti fer ekki lengur sjálfkrafa á þegar F7 er notað til að opna viðhengi úr eyðublaðaeiningunni.

ac#33315,tt#45953,tt#45954

- Viðhengi - Ný viðhengi fyrir samskipti

Nýskráð viðhengi fyrir samskipti birtast nú undir samskiptunum strax eftir skráningu. Ekki þarf lengur að loka einingunni og opna hana aftur til að viðhengin birtist.

ac#33474,tt#46144



- Viðhengi - Ógild samskipti

Nú er hægt að sjá að samskipti sé ógilt með því að skoða dálkinn 'Ógilt' í Samskipta töflunni.

tt#46148

- Viðhengi - Reynt að eyða viðhengi með DEL takkanum

Ekki er lengur hægt að láta líta út fyrir að viðhengi hafi verið eytt (þar til einingin er opnuð aftur) með DEL takkanum í Viðhengi listanum.

tt#46166

- Viðhengi - Tóm samskipti

Nú er hægt að sjá að samskipti séu tóm með því að skoða dálkinn 'Tóm' í Samskipta töflunni.

tt#46243

- Viðhengi

Nýtt viðhengi. Nú hefur verið tryggt að þegar nýju viðhengi hefur verið bætt við gögn einstaklings, að þá birtist + fyrir framan samskiptin svo hægt sé að skoða viðhengið þar.

ac#33969,tt#46635,tt#46636

- Viðhengi

Dagsetning viðhengja í samskipta flípanum er núna dagsetning undirskriftar eyðublaðs en ekki dagsetningin sem viðhengið var sett inn.

ac#36306,tt#48519,tt#50055

Gagnagrunnur

- Afgreiðsla

Stilling 2064 stýrir því hvort þess sé krafist að skráð sé eðli tilvísunar þegar tími er bókaður í Afgreiðslu og jafnframt þegar sjúklingur er merktur kominn. Það á þó einungis við um nýkomur og stýrist þá af stillingum kerfisins hvort viðvörðun sé gerð eða ekki. Það virkar á þann hátt að hægt er að stilla afgreiðsludeildir sem annaðhvort nýkomu- eða endurkomudeildir svo að þegar stilligildi 2064 er virkt þá er athugað hvort tímabókunin sé jafnframt á nýkomudeild áður en leyft er að loka tímabókunarglugga.

Einnig er hægt að stilla form tímabókana sérstaklega sem sjálfgefin nýkomu- og endurkomuform, og er sú stilling þá rétt hærrí en deildin eingöngu. Þ.e.a.s. sé afgreiðsludeild stillt sem endurkomudeild en form tímabókunarinnar sem verið er að skrá er auðkennt sem nýkoma, þá kemur viðvörðun ef tilvísun hefur ekki verið skráð þar sem stilling formsins er rétt hærrí en deildarinnar og ekki er hægt að staðfesta tímabókunina nema tilvísun sé skráð. Eins á hinn veginn, ef deild er skilgreind sem nýkomudeild, en form tímabókunar sem endurkoma, þá kemur ekki viðvörðun þótt tilvísun hafi ekki verið skráð.

Í komuglugga frumstillist skráningarsvæðið fyrir tegund komu í samræmi við stillingar deildar, eða forms tímabókunar hafi það verið skilgreint sérstaklega. Þetta hefur þó engin áhrif á það að ef í ljós kemur að sjúklingur er ekki að koma í fyrsta sinn þá er að sjálfsögðu hægt að breyta úr nýkomu yfir í endurkomu og öfugt komi hið gagnstæða í ljós. Þegar reynt er að loka komuglugga þá er litið til skráningargildisins sem sést í glugganum, þ.e.a.s. hvort koman sé nýkoma og jafnframt stilligildis 2064 til að vita hvort skuli tryggja skráningu á tilvísun.

Lotutengd form tímabókana eru undanskilin þessari virkni.

(Ath. í útgáfu 3.1.33 var þetta stilligildi nr. 1161 en var flutt og er frá og með útgáfu 34 nr. 2064.)

Stillingar - Form tímabókana

Bætt hefur verið við stillingarmöguleika fyrir form tímabókana fyrir tegund komu. Sjálfgefin stilling er á þann veg að það fari eftir stillingum afgreiðsludeildar, en jafnframt er hægt að stilla form tímabókana þannig að



þau séu annaðhvort nýkomur eða endurkomur. Sú stilling er rétt hærrí stillingu afgreiðsludeildar.

tt#47653,tt#47654,tt#47655,tt#47657,tt#47658,tt#47661,tt#47662,tt#47665,tt#47667,tt#47668,tt#47669,tt#47670,tt#47671,tt#47672,tt#47673

gaPaperJournal

- Pappírssjúkraskrá LSH

Notendur sem eru loggaðir inn á deildir sem tilheyra sama undirsviði geta unnið með sama safnið. Áður þurftu notendur að vera loggaðir inn á sömu deild til að vinna með sama safn.

ac#37599,tt#49316,tt#49628

- Pappírssjúkraskrá LSH

Í útgáfu 3.1.34.33 hvarf sú virkni að setja forskeyti á á undan númer sjúklings þegar því er úthlutað í fyrsta sinn til hans. Þetta hefur verið leiðrétt. Notendur 3.1.35 urðu ekki varir við þessa villu.

tt#49683,tt#49686

InterInfo (gaInterInfo)

- gaInterInfo

Username er þá sama og ga_user.username á notandanum sem opnar eininguna.

ac#38295,tt#49845,tt#49846

Íhlutir (gaPatientItems)

- Íhlutir

Nú hefur íhlutum verið skipt upp í flokka.

ac#31488,tt#44417,tt#44747,tt#44748,tt#44749

- Íhlutir

Endurbætt hegðun feitletrun í dagatalsyfirliti þegar sýna á einnig óvirka íhluti. Dagar sem hafa skráða íhluti eru feitletraðir.

tt#44971

- Íhlutaskráning

Táknmyndir fyrir stöður íhluta (settur upp, skipt um, tekinn niður, áætluð næstu skipti) hafa verið endurbættar í yfirlitsviðmóti fyrir íhluti einstaklings.

tt#44996

- Íhlutir - Aðeins LSH

Nöfnum íhluta var breytt skv. ósk frá LSH. Það sem áður hét Holæðaleggur heitir nú Miðlægur bláæðaleggur, og það sem áður hét Fistulunál heitir nú Blóðskilunarnál.

tt#45007

- Íhlutir

Ekki er lengur hægt að skrá uppsetningu íhluta eða fjarlægja íhlut fram í tímann.

ac#32291,tt#45319

- Íhlutir

Samræming á heitum aðgerða. Það sem áður hét "Nýskrá" heitir nú "Skrá" og það sem áður hét "Eyða" heitir nú "Ógilda".

Þegar íhlutur er settur upp, skipt um íhlut eða íhlutur tekinn niður er nú hægt að skrá athugasemdir með aðgerðinni. Þessar athugasemdir eru sýnilegar í texta sem kemur þegar farið er með músina yfir íhlut í aðalglugga, og einnig þegar tvísmell er á íhlut til að fá nánari upplýsingar. Þessum athugasemdum er hægt að breyta með því að opna leiðréttingargluggann fyrir íhlut.



Þegar skráning íhlutar er ógilduð er notandi krafinn um að gefa upp ástæðu. Ástæðan er frjáls texti en þó er einnig hægt að velja úr lista úr stöðluðum textum. Sé leiðréttingarglugginn opnaður og aðgerðinni "Settur upp" eytt, þá er einnig beðið um sérstaka ástæðu og öll skráningin ógilduð. Ógildaðar skráningar og ástæðu ógildingar er ekki hægt að nálgast innan úr viðmóti Sögu.

ac#32917,tt#45659

- Íhlutir

Núna uppfærast sjúklingalistinn þegar skipt er um sjúkling.

tt#47586,tt#47607

- Íhlutir

Stoðtöflur fyrir íhluti hafa verið yfirfarnar og íhlutum og skráningaratriðum endurreiðað að einhverju leyti. Nokkrir íhlutir færðust milli yfirflokka og skráningaratriðin eru nú í rökréttri röð.

tt#47430,tt#48012,tt#48013,tt#48086,tt#48087

- Íhlutir

Nú er einnig hægt að skrá staðsetninguna „miðmæti“ fyrir brjóstholdsren.

ac#36119,tt#48212,tt#48213

Kerfisumsjón (gaAdmin-gamla)

- Kerfisumsjón - Notandi gerður virkur

Nú er búinn til oracle notandi fyrir notanda þegar hann er gerður virkur sé hann ekki til fyrir. Gefa þarf upp lykilorð fyrir notanda ef hann er ekki til sem oracle notandi.

ac#30345,tt#43791

Kerfisumsjón (gaAdministrator)

- Kerfisumsjón - notendur

Notendalisti

-Aðgerðin „Afrita“ í uppsprettalista fyrir notendalistann afrita nú einnig lýsingu og starflýsingu.

Nýskrá/Breyta gluggi

-Nú er lykilorð notanda sýnilegt þegar það er skráð.

-Kominn er afrita hnappur sem gerir kleift að afrita aðgangsréttindi frá öðrum notanda.

ac#29689,tt#42913

- Kerfisumsjón - Deildir

Nú er hægt að sjá hvaða notendur eru með aðgang að deild.

ac#29692,tt#42914

- Kerfisumsjón - búa til nýjan notanda

Þegar búinn er til notandi í kerfisumsjón sem er til fyrir í gagnagrunninum þá þarf ekki að tilgreina lykilorð.

ac#31709,tt#44745,tt#44746

- Kerfisumsjón - Notendur á deild

Nú sjást notendur á deild í lista fyrir neðan deildirnar. Listinn sýnir hlutverk á þeirri deild sem er valin og þar undir notendur.

tt#44797

- Kerfisumsjón



Þegar verið er að nýskrá eða breyta kjarnadeild/staðsetningardeild hefur verið bætt við haki sem segir til um hvort veita megi notendum aðgang að deildinni.

ac#31798,tt#44824

● Kerfisumsjón - Notendur

Nú er hægt að setja aðgangsréttindi á margar deildir samtímis fyrir notanda. Valið er hlutverk, svo aðgangshópur og síðan er hakað við þær deildir sem aðgangsréttindin eiga við.

ac#31799,tt#44825

● Kerfisumsjón

Þegar búin er til notandi eða notanda er breytt birtast nú bara virkar stofnanir í fellilista.

ac#32145,tt#45068

● Kerfisumsjón

Stofnanaflípanum hefur verið eytt og í hans stað er kominn flípann „Stofnanatré / ADT“. Þar er hægt að bæta við og uppfæra stofnanir, svið, undirsvið, deildir, stofuskipan og innlagningsniðmát deilda. Nýi flípann mun taka við af einingunni ADT Stillingar.

tt#44777,tt#45379,tt#45477,tt#45478,tt#45481

● Kerfisumsjón

Kerfisumsjón notar nú lýsingarnar „Starfsheiti“ og „Faghópur“ til þess að ríma betur við aðra hluta Sögu.

ac#33361,tt#45977

● Eyðublöð og kerfisumsjón

Nú er hægt að merkja deild sem biðlistadeild í kerfisumsjón. Einungis er hægt að velja úr deildum sem merktar eru biðlistadeildir þegar biðlistadeild er valin á eyðublöðunum „(or) Innlagnarbeiðni (#9)“ og „Beiðni um meðferð/rannsókn (#377)“

ac#33685,tt#46228

● Kerfisumsjón - deildir

Nú er skylda að skrá staðsetningu fyrir deildir, hvort sem það er staðsetningardeild eða kjarnadeild.

tt#46402

● Kerfisumsjón - Deildir

Flípann/flípanir (1 eða 2 flípar, fer eftir stilligildi 1101 sem ákvarðar hvaða aðgangsstýringar eru í gangi) fyrir deildir hafa verið teknir út. Í staðinn skal nota nýja stofnanaflípann til að halda utan um deildir.

tt#46416

● Kerfisumsjón - Notandi

Nú er hægt að skrá athugasemdir þegar verið er að skrá eða breyta notanda.

ac#34654,tt#46986

● Kerfisumsjón - Notandi

Nú er hægt að aflæsa Oracle notanda í skráningaglugganum fyrir notanda.

tt#47097

● Kerfisumsjón - Stofnanir

Tréð fyrir stofnanir er ekki sprengt út lengur þegar smellt er á plúsinn fyrir stofnun. Nú sprengjast staðsetningardeildir og kjarnadeildir út þegar smellt er á plúsinn fyrir undirsvið.

ac#36011,tt#48116,tt#48117



- Kerfisumsjón - Notendur

Bætt hefur verið við faghópnum geislafræðingur, svo nú er hægt að skilgreina notendur af þeirri starfsstétt.

ac#37940,tt#49551,tt#49552

Klínísk skráning lækna (gaPhysicianEntry)

- Klínísk skráning

Kóðanúmer er nú fyrir aftan greiningar í yfirliti innlagnar, líkt og annars staðar í kerfinu þar sem kóðuð gögn koma fyrir.

tt#46360

- Forsíða sjúklings - Aðstandendur

Nú birtast upplýsingar um aðstandendur sjúklings í sama flipa og persónuupplýsingar hans.

tt#47056

Legur (gaADTAdmissions)

- Legur

Nú er hægt að skrá í gagnagrunninn sniðmát (template) fyrir innritanir. Hægt er að skrá í grunninn hvaða sniðmát hver deild notar, og þegar sjúklingur er innritaður á viðkomandi deild eru sjálfgefin gildi fyrir tegund sjúklings, ástæðu innlagnar, hvernig sjúklingur kom, hvaðan sjúklingur kom og þjónustuflokk sótt úr sniðmátinu.

ac#27093,tt#41695,tt#43344,tt#43345,tt#44224

- Legur

Í ADT Stillingum er nú hægt að skrá rúm sem ýmist virk eða óvirk. Óvirk rúm sjást ekki í Legum og ekki er hægt að velja þau þegar sjúklingur er innritaður, fluttur á milli rúma eða snýr til baka úr leyfi.

ac#31813,tt#44852

- Legur

Dagsetning sem prentast á límmiða sýnir nú upphafstíma dvalar í stað upphafsdag vistar.

ac#31823,tt#44857,tt#44872

- Legur

Ef reynt er að innrita sjúkling sem er þegar innritaður sem skamm- eða langtímalegusjúklingur á annarri legudeild þá er sjúklingurinn einfaldlega fluttur á milli deilda (og hugsanlegum opnum leyfum lokað) í stað þess að notendur geti innritað sjúklinginn á aðra deild.

ac#32006,tt#44969

- Legur - Prenta yfirlit

Útprintun á yfirliti yfir legur inniheldur nú blaðsíðutal, dag og tíma útprintunar og nafn starfsmanns sem prentaði yfirlitið.

tt#45051,tt#45066

- Legur

Með stilligildi 1154 er nú hægt að stjórna því hvort að aðaltaflan í Legum sé sjálfkrafa uppfærð (refreshed) í bakgrunni.

ac#32146,tt#45057,tt#45058,tt#45075

- Legur

Með stilligildi 1154 er nú hægt að stjórna því hvort að aðaltaflan í Legum sé sjálfkrafa uppfærð (refreshed) í bakgrunni.



ac#32146,tt#45057,tt#45058,tt#45075

- Legur

Þegar smellt er á nýjan sjúkling í sjúklingalista þá er hann nú sjálfkrafa gerður að kerfissjúklingi.

ac#32540,tt#45412,tt#45413

- Legur / ADT

Þegar sjúklingur er skráður til baka úr leyfi þá er nú sjálfkrafa stungið upp á herberginu og rúminu sem sjúklingur var í þegar hann fór í leyfi, svo framarlega sem rúmið er laust.

ac#32542,tt#45418

- Legur/ADT

Aðgerðin „Breyta ábyrgum hjúkrunarfræðingi“ býður nú upp á hnapp sem hægt er að nota til að hreinsa ábyrgan hjúkrunarfræðing sem skráður er á sjúkling án þess að velja þurfi annan í staðinn.

ac#32585,tt#45421

- Legur

Ef hætt er við útskrift sjúklings eða flutning á milli deilda, en búið er í millitíðinni að skrá annan sjúkling í rúmið, þá er nú hægt að velja nýtt rúm úr lista yfir laus rúm á deildinni.

ac#32281,ac#32546,tt#45422,tt#45677

- Legur

Nýtt stilligildi (139) stýrir því hvort að kallað er á persónuupplýsingagluggann í hvert skipti sem sjúklingur er valinn til innritunar. Stilligildið virkar aðeins öðruvísi en stilligildi gera almennt í kerfinu: í staðinn fyrir að athuga hvort að stilligildið sé sett fyrir þá deild sem notandi er skráður inná, þá er athugað hvort að stilligildið sé sett fyrir deildina sem verið er að innrita á. Sem er valin í fellilista hægra megin í Legu-skjámyndinni og getur verið önnur en innskráningardeild notanda.

ac#32582,tt#45449

- Legur

Ef kerfissjúklingur er valinn í öðrum einingum en Legum, þá er hann nú sjálfkrafa valinn þegar Legur eru opnaðar, svo framarlega sem viðkomandi sjúklingur liggur inni á þeirri deild sem opnuð er.

ac#33314,tt#45957,tt#45958

- Legur

Ef kerfissjúklingur er ekki á listanum yfir innlagða sjúklinga þegar Legur eru opnaðar, þá er nú enginn kerfissjúklingur valinn, í stað fyrsta sjúklings í listanum eins og var.

ac#33463,tt#46121

- Legur

Ef sjúklingur er fluttur milli deilda og breytt er um þjónustuflokk um leið og innritunin er kláruð á móttökudeildinni, þá er áætlaður útskriftardagur legunnar hreinsaður.

ac#33528,tt#46174

- Legur

Ef prentað er út yfirlit yfir legur þá kemur viðmiðunardagsetningin (sú dagsetning sem valin er í Legueiningunni) efst á útprintuninni. Útprintunartíminn sjálfur, sem getur verið annar en viðmiðunardagsetningin ef verið er að prenta út stöðuna aftur í tímann, kemur neðst.

ac#34621,tt#46976

- Legur/ADT

Uppflettilistar yfir herbergi og rúm birtast nú þannig að efst raðast í númeraröð herbergi/rúm sem heita



hreinu tölugildi (t.d. "1", "2", "10" o.s.frv.) en neðst raðast í stafrófsröð herbergi/rúm sem ekki heita hreinu tölugildi (t.d. "Gangur1", "Stofa12", "Rúm7" o.s.frv.)

tt#46980

● ADT / Legur

Til að tryggja áráðanleika gagna er ekki lengur hægt að skrá raunveruleg lok leyfis fram í tímann. Hinsvegar má, þegar leyfi er stofnað, skrá áætluð lok fram í tímann.

tt#47178,tt#47179

● Legur

Aðgerðinni „Innritun“ hefur verið bætt við efst í fellilistann sem kemur þegar hægrismellt er.

tt#47437,tt#47477

● Legur / ADT

Ef sjúklingur á innritun á legudeild fram í tímann, þá kemur það nú ekki í veg fyrir að hægt sé að innrita hann á aðrar legudeildir. Hinsvegar er ekki hægt að staðfesta mætingu í framtíðarinnritanir fyrr en gengið hefur verið frá þeim innritunum.

ac#35361,tt#47512,tt#47619

● Legur / ADT

Ef notandi framkvæmir einhverja aðgerð í ADT/Legum sem opnar nýjan glugga (t.d. skrá í leyfi, sameina legur o.fl.) þá er sjálfvirk uppfærsla óvirkjuð á meðan glugginn er opinn til þess að minnka bakgrunnstruflanir.

tt#47701,tt#47702

● Legur

Lagfærð villa sem orsakaði að kerfissjúklingur uppfærðist ekki ef örvahnappar voru notaðir til að ferðast um töfluna. Einnig breytt virkni þannig að ef Legueiningin er opnuð með þegar valin kerfissjúkling sem er ekki inniliggjandi á listanum þá helst hann sem kerfissjúklingur þrátt fyrir það.

ac#37039,tt#48931,tt#48932

● Legur

SQL til að lesa upplýsingar um legur hefur verið yfirfarið og straumlínulagað.

tt#48940,tt#48965

● Legur - Vistun notendastillinga

Stillingar sem áður vistuðust á útstöð fylgja nú notanda þar sem hann skráir sig inn í sögu. Þessar stillingar eru:

- Valin deild
- Flagg um að sýna inniliggjandi sjúklinga
- Flagg um að sýna útskrifaða sjúklinga
- Flagg um að sýna væntanlega sjúklinga
- Flagg um að sýna óstaðfesta sjúklinga
- Flagg um að sýna fjarverandi sjúklinga

